

Úttekt á framgangi og áhrifum strandveiðanna sumarið 2009

Unnið af Háskólasetri Vestfirðna fyrir sjávarútvegs- og
landbúnaðarráðuneytið

Janúar 2010



Efnisyfirlit:

Myndir	vi
Töflur.....	vii
1 Kynning á strandveiðunum sumarið 2009	1
2 Úttektin.....	2
2.1 Umsjón.....	2
2.2 Markmið	2
2.3 Umfang	3
2.4 Efnistökn.....	3
3 Fiskveiðistjórnun á Íslandi	5
3.1 Markmið með stjórnun fiskveiða.....	5
3.2 Útgerð smábáta á Íslandi	6
3.3 Byggðakvóti.....	6
4 Tilurð strandveiðanna og fyrirkomulag.....	8
5 Gagnaöflun og aðferðarfræði	10
5.1 Spurningalisti til útgerðaraðila	10
5.2 Spurningalisti til hagsmunaaðila	11
6 Framgangur strandveiðanna	13
6.1 Aðdragandi	13
6.2 Helstu staðreyndir.....	14
6.2.1 Fjöldi leyfa	14
6.2.2 Veidarnar.....	14
6.2.3 Löndunarhöfn	17
6.3 Framkvæmd laga	18
6.3.1 Lögheimili	18
6.3.2 Brotamál	18
6.3.3 Öryggismál og eftirlit með veiðunum	19

6.3.4	Umsagnir eftirlits- og umsjónarstofnana.....	20
7	Útgerðaraðilar.....	21
7.1	Bakgrunnur	21
7.2	Útgerð og eignarhald	22
7.2.1	Yfirráð yfir aflahlutdeild og saga í útgerð.....	22
7.2.2	Kvótaleiga	23
7.2.3	Strandveiðibátarnir	23
7.2.4	Undirbúningur fyrir veiðarnar	23
7.3	Veiðarnar	24
7.3.1	Sjómennska og aflabrögð	24
7.3.2	Mönnun og færabúnaður	26
7.3.3	Brottkast	26
7.3.4	Ráðstöfun afla	27
7.3.5	Útgjöld, afrakstur og mikilvægi fyrir afkomu	27
7.4	Mat á fyrirkomulagi veiðanna	29
7.4.1	Dagshámarkið.....	29
7.4.2	Hámarks lengd veiðiferðar	29
7.4.3	Aflamarkskerfi eða dagatakmarkanir (sóknarmark).....	29
7.4.4	Fyrirkomulag banndaga.....	29
7.4.5	Aflaheimildir og skipting svæða	30
7.4.6	Veiðitímabilið.....	31
7.4.7	Heildarmat á fyrirkomulag veiðanna.....	31
7.4.8	Strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða	31
8	Mat hagsmunaaðila	33
8.1	Bakgrunnur:	33
8.2	Mat hagsmunaaðila á umfangi áhrifa veiðanna	34
8.3	Mikilvægi veiðanna	35

8.4	Fyrirkomulag veiðanna og tengsl þeirra við aðrar leiðir í fiskveiðistjórnun.....	36
9	Gæði afla	38
10	Aflaverðmæti.....	39
11	Samantekt og umræður.....	42
11.1	Samantekt.....	42
11.2	Umræður	45
	Heimildaskrá	48
	Viðauki A - Spurningalisti til útgerðarmanna	49
	Viðauki B - Spurningalisti til hagsmunaaðila	52
	Viðauki C - Löndunarhafnir	55

Myndir

Mynd 1. Umskráningar smábáta	13
Mynd 2. Dagsetningar fyrstu löndunar hvers báts	14
Mynd 3. Afli og aflheimildir eftir svæðum	15
Mynd 4. Skipting afla eftir helstu tegundum.....	15
Mynd 5. Svæðaskipting vegna strandveiðanna 2009	16
Mynd 6. Hve oft einstaka bátar lönduðu meiru en sem nam 800 kg dagshámarkinu	18
Mynd 7. Fjöldi landana hvers dags á tímabili strandveiðanna	20
Mynd 8. Kvótastaða útgerða sem þátt tóku í strandveiðunum.....	22
Mynd 9. Útgerðarmenn sem sögðust einhvern tímann hafa selt allan sinn kvóta.....	22
Mynd 10. Hvernig strandveiðimönnum á hverju svæði þótti skiptingin í svæði henta.....	30
Mynd 11. Hlutfall hagsmunahópa á meðal þeirra sem svöruðu samfélagskönnun.....	33
Mynd 12. Umfang áhrifa strandveiðanna.....	34
Mynd 13. Þjónustuaðilar sem nutu góðs af veiðunum	34
Mynd 14. Mat hagsmunaaðila á mikilvægi veiðanna fyrir þeirra samfélag.....	35
Mynd 15. Hvernig þótti þér veiðarnar heppnast?.....	36
Mynd 16. Hversu sáttur ertu við strandveiðarnar?.....	36
Mynd 17. Telur þú strandveiðar svara einhverjum annmörkum kvótakerfisins?.....	36
Mynd 18. Afstaða til nokkurra fullyrðinga um fiskveiðistjórnun	37
Mynd 19. Hvernig standast gæði fisks af strandveiðum í samanburði við annan afla?.....	38
Mynd 20. Sölumagn og verðþróun á innlendum fiskmörkuðum sumarið 2009	40
Mynd 21. Skipting aflaverðmætis milli svæða.....	41
Mynd 22. Yfirlit yfir framgang strandveiðanna 2009	43

Töflur

Tafla 1. Úrtak samfélagskönnunar	11
Tafla 2. Svörun í samfélagskönnun.....	12
Tafla 3. Helstu löndunarhafnir í strandveiðunum	17
Tafla 4. Aldur útgerðarmanna	21
Tafla 5. Aðalstarf útgerðarmanna.....	21
Tafla 6. Áttir þú bát sem fluttist í kvótakerfið?.....	23
Tafla 7. Undirbúningur og bilanir	24
Tafla 8. Svör við spurningunni "Hvernig veiddist?", flokkað eftir svæðum.....	24
Tafla 9. Upplifun útgerðarmanna á velgengni við veiðar eftir sóknarhörku.....	25
Tafla 10. Sóknarharka og velgengni við veiðar eftir svæðum	25
Tafla 11. Fjöldi handfærarúlla á bát	26
Tafla 12. Áætlaðar nettótekjur eftir fjölda handfærarúlla	26
Tafla 13. Ráðstöfun afla eftir svæðum	27
Tafla 14. Mat útgerðarmanna á kostnaði við undirbúning veiðanna.....	27
Tafla 15. Uppgefin heildaraflaverðmæti skv. svörum útgerðarmanna.....	27
Tafla 16. Uppgefnar nettótekjur skv. svörum útgerðarmanna	28
Tafla 17. Gæði afla eftir svæðum. Mat útgerðaraðila	38
Tafla 18. Meðalverð fyrir þorskafra eftir svæðum	39
Tafla 19. Samanburður á handfæraveiðum 2008 og 2009	39
Tafla 20. Stærstu löndunarhafnir strandveiðanna	40
Tafla 21. Yfirlit yfir meðalafra og meðalafraflaverðmæti veiðiferða eftir svæðum.....	41

1 Kynning á strandveiðunum sumarið 2009

Vorið 2009 tilkynnti þáverandi sjávarútvegsráðherra, Steingrímur Sigfússon, þau áform að fresta úthlutun byggðakvóta á fiskveiðiárinu 2008-2009 til þess að skapa svigrúm fyrir breytta stefnu til styrkingar og örvunar atvinnustarfsemi í sjávarbyggðum. Yfirlýst markmið ráðherra var að setja á fót frjálssar handfæraveiðar meðfram ströndinni. Þessi nýi flokkur veiða fékk heitið „strandveiðar“ og var hugsaður sem frjálssar en ábyrgar og sjálfbærar veiðar sem myndu greiða fyrir nýliðun í sjávarútvegi en jafnframt efla atvinnu og líf í sjávarbyggðum landsins.

Strandveiðarnar voru svo heimilaðar með lögum nr. 66 þann 19. júní 2009 um breytingu á lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og hófust þær þann 28. júní 2009. Voru strandveiðarnar einn þriggja þátta sem tekið var á í þessum lögum og gefin heimild til veiðanna í bráðabirgðaákvæði. Með þessu ákvæði var gefin heimild til veiða á 3.955 tonnum af óslægðum þorski á handfæri yfir sumarmánuðina júní, júlí og ágúst. Landinu var skipt upp í fjögur afmörkuð löndunarsvæði og var hverju svæði úthlutað hluti af heildarheimildinni.

Veiðarnar voru heimilar þeim bátum sem uppfylltu skilyrði til veitingar leyfis til atvinnuveiða, en þar að auki þurftu útgerðarmenn að sækja um sérstakt strandveiðileyfi til Fiskistofu. Afli í veiðunum reiknaðist ekki til aflamarks eða krókaafamarks.

Alls voru veitt 595 strandveiðileyfi og stunduðu 554 bátar veiðar síðastliðið sumar. Aflaheimildir voru misvel nýttar eftir svæðum en um 3.400 tonnum af þorski var landað á 54 stöðum á landinu. Ætla má að aflaverðmæti veiðanna hafi verið nálægt 850 milljónum króna.

2 Úttektin

2.1 Umsjón

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið leitaði síðastliðið sumar til Háskólaseturs Vestfjarða um samvinnu við gerð úttekta á strandveiðunum. Í framhaldinu var fagstjóra námsleiðar Háskólasetursins í haf- og strandsvæðastjórnun, Sigríði Ólafsdóttur, falið að hafa yfirumsjón og ritstýra úttektinni. Hún ásamt Gísla Halldóri Halldórssyni, meistaranema í haf- og strandsvæðastjórnun, vann að uppsetningu verkefnisins, gagnaöflun, úrvinnslu og skýrslugerð.

Hluta úttektarinnar, hönnun spurningalista og gagnaöflun fyrir mat á samfélagslegum áhrifum veiðanna, vann Háskólasetur Vestfjarða með eftirfarandi þekkingar- og fræðamiðstöðvum á landsbyggðinni:

- Fræðasetur Háskóla Íslands á Hornafirði: Þorvarður Árnason og Sigrún Inga Sigurgeirsdóttir
- Fræðasetrið í Sandgerði: Reynir Sveinsson
- Háskólinn á Hólum: Guðrún Helgadóttir
- VÖR, sjávarrannsóknarsetur við Breiðafjörð: Erla Björk Örnólfsdóttir
- Þekkingarsetur Þingeyinga: Aðalsteinn Jóhannes Halldórsson

Umsjónarmaður verkefnisins vill þakka ofangreindum aðilum fyrir gott samstarf sem og þeim tæplega 220 einstaklingum sem lögðu sig í líma við að svara spurningalistum. Ennfremur þeim aðilum sem veittu viðtöl og gáfu umsagnir og þeim sem lögðu lið við undirbúning úttektarinnar og gáfu góða innsýn í heim fiskveiða á Íslandi.

2.2 Markmið

Í athugasemdum sem fylgdu strandveiðifrumvarpinu segir:

Þar sem um nýjan flokk veiða er að ræða eru reglur og skilyrði veiðanna sett til eins árs. Á grunni þeirrar reynslu og lærdóms sem draga má af fyrirhuguðum strandveiðum á yfirstandandi fiskveiðiári verður reynslan af þeim metin. Verður í þessu sambandi leitast við að nýta þá þekkingu og reynslu sem til staðar er í hinum dreifðu sjávarbyggðum landsins. Þá verður tekið til sérstakrar athugunar með hvaða hætti leyfin hafa dreifst en vilji stendur til þess að dreifingin sé sem jöfnust, þ.e. að leyfin safnist ekki á hendur fárra aðila. Á þessum grunni verður fyrirkomulag veiðanna endurskoðað fyrir næsta fiskveiðiár (Þskj. 34/2009).

Af ofangreindu sést að rík áhersla er lögð á það að verkefnið sé tilraunaverkefni sem ætlunin er að fylgja eftir og draga lærdóm af. Markmið úttektarinnar er að þessu gefnu að lýsa á hlutlægan hátt framgangi veiðanna með hliðsjón af lögum og settri reglugerð, sem og hvort og í hvaða mæli markmiðum laga um stjórn fiskveiða og undirliggjandi markmiðum með strandveiðunum hafi verið náð. Í því sambandi ber helst að nefna eftirfarandi markmið:

- Styrkja byggð og örva atvinnu í sjávarbyggðum landsins
- Gefa fleirum en handhöfum kvóta möguleika á takmörkuðum veiðum í atvinnuskyni
- Ýta undir nýliðun í greininni og auðvelda fólki að afla sér reynslu og þekkingar
- Dreifing veiðileyfa sé sem jöfnust, þ.e. að leyfin safnist ekki á hendur fárra aðila

2.3 Umfang

Úttektin er viðamikil og tekur á mörgum þáttum er hafa verið til umræðu í þessari frumraun strandveiðanna. Úttekt sem þessi getur þó að sjálfsögðu ekki gert árangri af strandveiðunum full skil, því mælistika á árangur og áhrif veiðanna felur ekki í sér afdráttarlausar mælieiningar og viðmið. Reynt er að leggja mat á það hvort markmið hafi náðst um styrkingu byggðar og örvun atvinnulífs í sjávarbyggðum. Þar er stuðst við spurningalista þar sem hagsmunaaðilar og aðrir aðilar sem höfðu bein afskipti af veiðunum eru látnir meta efnahagsleg og samfélagsleg áhrif veiðanna. Þó þessar upplýsingar séu studdar með tölulegum upplýsingum um landanir og fjölda báta við sjávarbyggðir landsins, þá gefa þær aðeins vísbendingar um áhrif og umfang strandveiðanna.

Það er þó von skýrsluhöfunda að upplýsingar og niðurstöður, sem hér eru settar fram, gefi stjórnvöldum og öðrum áhugasömum um stjórn fiskveiða góða yfirsýn yfir veiðarnar og verði vettvangur umræðna um fyrirkomulag veiðanna fyrir næsta ár.

2.4 Efnistöð

Í upphafi úttektarinnar er farið stuttlega yfir markmið íslenskra stjórnvalda í stjórnun fiskveiða og sérstaklega dregið á sögu smábátaútgerðar á síðastliðnum árum og forsendur byggðakvóta. Í framhaldinu verður forsaga strandveiðanna kynnt en jafnframt farið yfir helstu markmið, stjórnsýsluramma og fyrirkomulag veiðanna.

Í kaflanum „Gagnaöflun og aðferðarfræði“ er stuttlega gerð grein fyrir þeim gögnum sem stuðst var við í úttektinni en hún byggir að hluta á gögnum opinberra stofnana sem fara með eftirlit og umsýslu í fiskveiðum. Úttektin byggir að miklu leyti á spurningalistum sem

lagðir voru fyrir útgerðarmenn, hagsmuna- og umsýsluaðila. Forsendur fyrir vali á úrtaki, aðferðafræði og svörun við spurningalistunum er lýst í stuttu máli.

Í kjölfarið eru niðurstöður um veiðarnar kynntar. Niðurstöðunum er skipt í fjóra meginkafla. Í kafla 6 er framgangi og umfangi strandveiðanna lýst en jafnframt fjallað um helstu mál er snertu framkvæmd og eftirfylgni laga um veiðarnar. Í kafla 7, Útgerðaraðilar, er áherslan lögð á að gefa sem gleggsta mynd af þeim útgerðaaðilum sem stunduðu veiðarnar og hvernig fyrirkomulag veiðanna reyndist. Í þeim kafla er bakgrunni og aflabrogðum útgerðaraðila gerð skil en jafnframt eru birtar niðurstöður um framgang, arðsemi og mikilvægi veiðanna. Í lok kaflans er fjallað um mat útgerðaraðila á fyrirkomulagi strandveiðanna og tillögur þeirra að betrubótum. Í kafla 8, Mat hagsmunaaðila, er að mestu stuðst við spurningalista sem aðilar frá 28 sjávarbyggðum svöruðu. Þar gafst hagsmuna- og umsýsluaðilum sem komu beint að veiðunum, birgjum, hafnaryfirvöldum, umsjónarmönnum fiskmarkaða og vinnslu og aðilum í sveitastjórnnum tækifæri á að lýsa umfangi og áhrifum veiðanna í sínu samfélagi. Ennfremur gafst þeim tækifæri á að leggja mat á fyrirkomulag veiðanna. Í kafla 9 eru birtar niðurstöður um gæði afla og í kafla 10 eru niðurstöður útreikninga á aflaverðmæti veiðanna.

Í lokakafla úttektarinnar er dregnar saman helstu niðurstöður. Umræður um niðurstöðurnar eru settar í samhengi við þann lærdóm sem draga má af veiðunum og þau markmið sem stjórnvöld stefndu að.

3 Fiskveiðistjórnun á Íslandi

3.1 Markmið með stjórnun fiskveiða

Stjórnun fiskveiða hefur verið í þróun hérlendis frá því á sjötta áratug 20. aldar. Á áttunda áratugnum vöruðu vísindamenn við því að hrygningarstofn þorsks væri í hættu og að veiðar í þeim mæli sem þá voru stundaðar myndu valda hruni fiskstofna með tilheyrandi áföllum fyrir fyrirtæki í sjávarútvegi (Arnaldur/Sigfús Schopka, 1998). Árið 1977 voru settar dagatakmarkanir á veiðar en árið 1984 var núverandi aflakvótakerfi tekið upp (Arnaldur/Sigfús Schopka, 1998). Var það gert til þess að bregðast við „... *alvarlegri hættu á bráðri ofveiði þorsks og fleiri fisktegunda ...*“ (Sjávarútvegsnefnd, 1983) og til þess „... *að fært sé að skipuleggja veiðar og vinnslu með þeim hætti, sem aðstæður krefjast í dag...*“ (Sjávarútvegsráðherra, 1983). Lög um stjórn fiskveiða voru endurskoðuð árið 1990 og hafa þau að grunni til haldist óbreytt frá þeim tíma. Samkvæmt þeim er fiskveiðum Íslendinga að mestu stjórnað með framseljanlegum aflahlutdeildum skipa (Lög nr.38/1990). Lögin voru endurútgefin árið 2006 með þeim mörgu breytingum, stórum og smáum, sem gerðar höfðu verið í árunna rás. Í fyrstu grein almenns ákvæðis þeirra eru markmið fiskveiðistjórnunar sett fram á eftirfarandi hátt: „... *að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra [nytjastofna á Íslandsmiðum] og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.*“ (Lög nr.116/2006).

Áherslur stjórnvalda í fiskveiðistjórnun hafa hingað til verið á vernd vistkerfis hafsins, viðhald líffræðilegs fjölbreytileika og framleiðni í hafinu, sem undirstöðu góðrar lífsafkomu og velferðar Íslendinga (Umhverfissráðuneytið, utanríkisráðuneytið & sjávarútvegsráðuneytið, 2004). Hugtakið sjálfbærni hefur verið nefnt í þessu tilliti en ennfremur hefur mikil áhersla verið lögð á markmið um bættar arðsemi útgerða af fiskveiðum. Ljóst er að lög um aflheimildir hafa lækkað kostnað af veiðum og aukið hagkvæmni og rekstraröryggi útgerða.

Það yfirlýsta markmið hérlendrar fiskveiðistjórnunar; að tryggja trausta atvinnu og byggð í landinu, er af samfélagslegum toga. Því til viðbótar er mikil áhersla lögð á félagslegt réttlæti eins og fram kemur í fyrstu málsgrein laganna um stjórn fiskveiða, þar sem því er lýst yfir að nytjastofnar á Íslandsmiðum séu sameign íslensku þjóðarinnar. Nánari útfærslur hafa ekki enn verið settar fram á samfélagslegum markmiðum. Umræður hafa verið í samfélaginu um markmið laga um fiskveiðistjórnun sem og í fræðaheiminum frá upphafi kvótakerfisins og þá sérstaklega hvað snertir umráðarétt yfir aflahlutdeildum og afleiðingar stjórnunarfyrrirkomulagsins á hinar dreifðu sjávarbyggðir landsins. Við því síðarnefnda hafa

stjórnvöld meðal annars brugðist með úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga sem hafa orðið illa úti vegna samdráttar í sjávarútvegi eða skerðingar aflaheimilda.

3.2 Útgerð smábáta á Íslandi

Í fyrstu náði aflakvótakerfið einungis til fiskiskipa sem voru 10 brúttólestir og stærri en veiðar smábáta með línu og handfæri voru frjálsar. Fjölgaði smábátum þá mikið og hlutdeild þeirra í heildarafla jókst jafnframt. Í kjölfarið voru gerðar ráðstafanir til þess að takmarka veiðarnar og árið 1988 fóru fyrstu bátarnir undir 10 brúttólestum inn í kvótakerfið. Í upphafi var áhersla lögð á að takmarka sókn þeirra með banndögum en síðar var tekið upp aflahámark. Árið 1991 fóru allir bátar sem voru yfir sex brúttólestir í aflamarkskerfið. Með tímanum var sama fyrirkomulag tekið upp fyrir aðra smábáta, þegar þeir fluttust smámsaman úr dagakerfi yfir í aflamarkskerfi. Stærstu flutningarnir yfir í aflamarkskerfið voru árin 1991, 1995 og 2004, þegar dagakerfinu var endanlega lokað.

Í dag er aflamarkskerfið tvískipt fyrir smábáta. Annars vegar er um að ræða almennt aflamark sem má nýta með öllum leyfilegum veiðafærum (Fiskistofa, á.á.). Fjöldi smábáta, miðað við 10 brúttólestir eða minni, með slíkt aflamark var rúmlega 100 fiskveiðiárið 2007-2008 og stunda þeir flestir grásleppuveiðar (Landssamband smábátæigenda, 2008). Hins vegar er um að ræða krókaaflamarkskerfi fyrir smábáta sem tekið var upp árið 1999. Bannað er að flytja hlutdeildir eða aflamark úr krókaaflamarkskerfinu í almenna aflamarkskerfið. Krókaaflamark má einungis nýta með handfærum og línu og miðast við báta minni en 15 brúttótonn. Bátar sem stunda veiðar á grundvelli krókaaflamarks fiskveiðiárið 2007-2008 voru 611 talsins. Þorskur er tæp 50% af heildarafla krókaaflamarks og ýsa rúmur þriðjungur (Landssamband smábátæigenda, 2008).

Samkvæmt upplýsingum úr aflaheftum Fiskistofu hefur hlutur smábáta í heildarafla fiskiskipa á undanförunum árum legið á bilinu 5-6%. Aflinn er að mestu veiddur á krókaaflamarki eða yfir 85%. Þorskur, ýsa og steinbítur er uppistaðan í afla þessara báta en Landssamband smábátæigenda (2008) telur að 715 smábátar hafi gert út á fiskveiðiarinu 2007-2008.

3.3 Byggðakvóti

Á fiskveiðiarinu 2003-2004 var í fyrsta skiptið úthlutað byggðakvóta. Kvótanum er ráðstafað til ákveðinna byggðarlaga með hliðsjón af þeim neikvæðum áhrifum sem breytingar í sjávarútvegi hafa haft á þau. Annars vegar er úthlutað til byggða sem eru háðar veiðum eða

vinnslu á botnfiski og hafa orðið fyrir samdrætti í sjávarútvegi. Hins vegar er byggðum úthlutað ef fiskiskip á staðnum hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum sem síðan hefur orsakað veruleg neikvæð áhrif á atvinnulíf.

Til byggðakvótans er tekið ákveðið magn af heildarkvóta fyrir viðkomandi fiskveiðiár og er það ráðherra sem ráðstafar honum. Á síðastliðnum fimm árum hefur verið úthlutað frá 3.000 og upp í tæplega 4.400 þorskígildistonnur fyrir hvert fiskveiðiár. Samkvæmt reglugerð eru útreikningar á byggðakvóta til sjávarpláss byggðir á punktakerfi sem tekur til tölulegra upplýsinga um aflskerðingu og samdrátt í vinnslu. Ákvæði er í reglugerðinni um löndun aflans til vinnslu og er markmið úthlutunarinnar að aflinn skili sem mestum verðmætum til byggðarlagsins sem úthlutað er til (Reglugerð nr. 551/2009). Byggðakvótanum er úthlutað með sveitarstjórnir sem milliliði. Geta sveitarfélög gert tillögur um sérstök skilyrði um úthlutun byggðakvóta og hafa því nokkuð um það að segja á hvaða forsendum úthlutunin dreifist og til hvaða báta. Hámarksúthlutun á hvern bát er 15 þorskígildistonn (Reglugerð nr.557/2009).

4 Tilurð strandveiðanna og fyrirkomulag

Þann 14. apríl 2009 kynnti þáverandi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, Steingrímur J. Sigfússon, áform um strandveiðar. Í fréttatilkynningu, sem birtist tveimur dögum síðar á heimasíðu sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins, er í grófum dráttum farið yfir meginforsendur og fyrirhugað fyrirkomulag veiðanna. Með strandveiðunum var yfirlýst markmið stjórnvalda að koma til móts við margvíslega gagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið og sníða af annmarka í meðferð og úthlutun byggðakvótans. Einnig var veiðunum ætlað að stuðla að þróun í átt til vistvænni veiðihátta, greiða fyrir nýliðun, efla atvinnu og hleypa meira lífi í sjávarbyggðir. Í tilkynningunni er sérstaklega minnst á það að veiðarnar séu svar við þeirri gagnrýni á stjórn fiskveiða að erfitt sé fyrir nýja aðila að hefja veiðar í atvinnuskyni. Einnig er þess getið að nýliðunin sé fólgin í því að gefa ungu og áhugasömu fólki möguleika á því að afla sér reynslu og þekkingar.

Í fréttatilkynningunni eru eftirfarandi meginforsendur veiðanna tíundaðar:

- Ráðstafað verði 8.627 tonnum af óslægðum botnfiski til strandveiða á yfirstandandi fiskveiðiári
- Heimildum verði ekki úthlutað
- Veiðarnar verði frjálssar, en almennar skorður takmarki og dreifi sókn
- Tryggt verði góð umgengni um sjávarauðlindina og ábyrg nýting fiskistofna
- Réttur til strandveiða komi í hlut hinna dreifðu sjávarbyggða um allt land
- Byggðakvóti í núverandi mynd verði lagður niður
- Bátar sem fá leyfi til strandveiða stundi ekki aðrar atvinnuveiðar á sama tímabili
- Veiðarnar skapi ekki varanlegan rétt til veiða og enginn réttur framseljanlegur (Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2009)

Drög að fyrirkomulagi og framkvæmd veiðanna var sett fram í fréttatilkynningunni og frumvarp til laga var í framhaldinu kynnt á Alþingi í lok maímánaðar. Lögin voru síðan samþykkt 19. júní 2009 en reglugerð um veiðarnar var samþykkt 25. júní.

Dregið var úr aflaheimildum til veiðanna miðað við upphaflega áætlað aflamagn. Aflaheimildir til veiðanna voru rétt tæp fjögur þúsund tonn af óslægðum þorski og er í frumvarpinu til laganna minnst á það að ráðstafa eigi 55% af þeim þorski sem ætlaður var til byggðakvóta á því fiskveiðiári til strandveiðanna. Þar að auki ætlaði ráðherra að útvega til veiðanna 2.500 tonn af þorski umfram þær aflaheimildir sem úthlutað hafði verið á fiskveiðiárinu 2008-

2009 (Frumvarp til laga, þskj. 34/2009). Raunin varð síðan sú að þorskveiðiheimildir, sem ráðstafað var til byggðakóta, voru minnkaðar um 956 tonn og heildarráðstöfun til byggðarkvótans minnkaði þá sem því nemur og varð 3.083 þorskígildistonn (Reglugerð nr. 742/2008 og Reglugerð nr. 551/2009). Ráðherra ráðstafaði því til veiðanna um 3.000 tonnum af þorski umfram heildaraflaheimildir.

Veiðarnar voru bundnar við handfæri yfir sumarmánuðina og var aflaheimildum skipt á fjögur landsvæði. Við skiptingu heimilda á svæðin var horft til úthlutunar byggðakvóta síðastliðinna ára og var úthlutað sem hér segir:

- A. Eyja- og Miklaholtshreppur – Skagabyggð (1.316 tonn).
- B. Sveitarfélagið Skagafjörður – Grýtubakkahreppur (936 tonn).
- C. Þingeyjarsveit – Djúpavogshreppur (1.013 tonn).
- D. Sveitarfélagið Hornafjörður – Borgarbyggð (690 tonn) (Lög nr. 66/2009).

Aflaheimildum var deilt á einstaka mánuði skv. reglugerð og hafði ráðherra heimild til þess að stöðva veiðar þegar leyfilegum heildarafla hvers mánaðar væri náð. Ekki var leyfilegt að stunda aðrar veiðar samhliða strandveiðunum og sækja þurfti sérstaklega um strandveiðileyfi. Leyfisgjaldið var kr. 17.500. Leyfið var bundið við það svæði þar sem lögheimili útgerðar var skráð og á því svæði þurfti viðkomandi útgerðaraðili að landa afla sínum á veiðitímabilinu. Leyfin til strandveiðanna voru bundin eftirfarandi skilyrðum:

- Óheimilt var að stunda veiðar föstudaga og laugardaga
- Hver veiðiferð skyldi ekki standa lengur en 14 klukkustundir. Aðeins var heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi
- Heimilt var að hámarki að hafa fjórar handfærarúllur um borð. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skyldu vera um borð
- Á hverju fiskiskipi var heimilt að draga 800 kg af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð (Lög nr. 66/2009)

Kröfur til strandveiðibátanna um eftirlitsskyldu, vigtun, skráningu og meðferð afla, veiðieftirlitsgjald og refsiviðurlög höfðu vísun í núverandi lög um stjórn fiskveiða, umgengi við nytjastofna sjávar og sérstakt gjald vegna ólögmeats afla.

5 Gagnaöflun og aðferðarfræði

Í úttektinni var leitað fanga eftir ýmsum leiðum. Fyrst ber að nefna töluleg gögn sem snerta veiðarnar frá Fiskistofu og Siglingastofnun en þau gögn mynda grunn að helstu tölulegu upplýsingum og yfirliti yfir framgang veiðanna sumarið 2009. Einnig var leitað umsagnar og álits starfsmanna helstu stofnana sem hafa umsjón og eftirlit með veiðunum. Þær stofnanir eru Fiskistofa, Siglingastofnun og Vaktstöð siglinga. Ennfremur var spurningum beint til hafnaryfirvalda í löndunarhöfnum strandveiðanna til þess að fá betri sýn á framgang veiðanna.

Veigamikill þáttur í úttektinni var að gera grein fyrir þeim aðilum sem tóku þátt í veiðunum, skoða hvernig fyrirkomulag veiðanna hentaði og fá fram viðhorf hagsmunaaðila og annarra sem höfðu bein afskipti af veiðunum. Í því tilliti þótti mikilvægt að fá fram sjónarmið útgerðaraðila um framgang og fyrirkomulag veiðanna. Einnig var markmið úttektarinnar að skoða samfélagsleg áhrif veiðanna sem tekur til fyrirkomulags, umfangs og mikilvægis veiðanna í samfélags- og atvinnuuppbyggingu í sjávarbyggðum landsins. Vegna mats á samfélagslegum áhrifum veiðanna voru hagsmunahópar valdir með það fyrir augum að líklegt væri að þeir hefðu komið að eða haft afskipti af veiðunum með einhverjum hætti.

5.1 Spurningalisti til útgerðaraðila

Við val úrtaksins var stuðst við skrár Fiskistofu um umsóknir um strandveiðileyfi en þar eru upplýsingar um alla lögskráða útgerðaraðila og báta sem tóku þátt í veiðunum. Lagt var upp með það að hafa samband við 100 útgerðaraðila af þeim 554 bátum sem voru gerðir út, eða útgerðaraðila 18% þeirra báta sem nýttir voru við strandveiðarnar. Við val úrtaksins var tekið mið af umfangi veiðanna á svæðunum fjórum, þ.e. útgerðaraðilum var skipt í fjóra hópa eftir svæðum og úrtakið valið á tilviljunarkenndan hátt í hlutfalli við fjölda báta á hverju svæði. Tveir spyrjar höfðu samband við alls 100 aðila. Ef ekki náðist í einhvern í úrtakinu var valinn nýr fulltrúi í hans stað. Haft var samband við 101 aðila og neitaði einungis einn að taka þátt.

Þegar hringt var í útgerðir strandveiðibátanna var beðið um forsvarsmann þess báts sem lent hafði í úrtakinu en ekki forsvarsmann útgerðarinnar. Aðeins í einu tilfelli lentu tveir bátar frá sömu útgerð í úrtakinu og var þá talað við hvorn skipstjórnann fyrir sig.

Spurningalistinn taldi 84 spurningar, flestar lokaðar, en í sumum þeirra höfðu útgerðaraðilar tækifæri til þess að tjá viðhorf sín með eigin orðum og koma með athugasemdir. Spurningalistann er að finna í viðauka A sem er aftast í úttektinni.

5.2 Spurningalisti til hagsmunaaðila

Við val úrtaks var miðað við það að haft yrði samband við hagsmuna- og umsýsluaðila frá útgerðarbæjum strandveiðanna:

- a. Hafnarstjóra (1 aðili).
- b. Yfirmenn fiskmarkaða og fiskvinnsla (2-3 aðilar).
- c. Birgjar, þjónustuaðila, framleiðendur aðfanga (1-2 aðilar).
- d. Forsvarsmenn bæjarfélaga, pólitískir fulltrúar í bæjarráði (2 aðilar).

Sex háskóla- og fræðastofnanir stóðu að gerð spurningalista og vali á úrtaki. Leitað var til þessara stofnana svo nýta mætti staðþekkingu þeirra við val úrtaks en einnig var horft til þess að starfsmenn þessara stofnana, sem búa í grennd við eða á útgerðarstöðum, hafa mjög ólíkan þekkingarbakgrunn. Hópurinn hafði því töluvert fram að færa við gerð spurningalistans.

Úrtakið tók mið af fjölda báta á hverju svæði, sbr. töflu 1. Hvert setranna sex valdi fjórar löndunarhafnir strandveiðanna í samráði við umsjónarmann úttektarinnar og var ætlunin að hafa samband við 6-8 aðila á hverjum stað. Samtals var því gert ráð fyrir að 24 útgerðarbær yrðu fyrir valinu og 180 aðilar myndu skipa úrtakið. Setrin völdu staðina í samvinnu við umsjónarmann úttektarinnar en markmiðið var að hafa sem mesta fjölbreytni við staðarvalið. Eftirfarandi útgangspunktur voru því hafðir til hliðsjónar við valið:

Tafla 1. Úrtak samfélagskönnunar.

Úrtak:	Bátar
A: 60	192
B: 30	94
C: 45	115
D: 45	153

- a. Staðarval. Velja skyldi staði sem höfðu sem mesta landfræðilega breidd innan svæða.
- b. Stærð samfélaga. Valdir yrðu bæði stórir og smáir bær en höfuðborgarsvæðið undanskilið.
- c. Þátttaka samfélags í strandveiðunum. Bær með mismikla þátttöku í veiðunum skyldu valdir, bæði bær þar sem þátttaka í strandveiðunum var mikil og bær þar sem þátttakan var dræmari. Bær voru metnir í þessu tilliti út frá fjölda landana og fjölda báta, skv. gögnum Fiskistofu.
- d. Grunngerð atvinnulífs. Bæði skyldu valdir þekktir útgerðabær sem og bær sem hafa fjölbreyttari eða aðrar grunnstoðir í atvinnulífinu.

Spurningalistinn telur 35 spurningar til allra aðilanna en þar að auki eru nokkrar spurningar sem lagðar voru aukalega fyrir hafnaryfirvöld, yfirmenn fiskmarkaða og fiskvinnslu og þjónustuaðila. Spurningalistann má finna í viðauka B sem er aftast í úttektinni.

Könnunin var framkvæmd þannig að spurningalistinn var sendur til viðkomandi og síðan voru svör fengin símléiðis nokkrum dögum seinna og skráð. Af 180 aðilum, sem var lagt upp með að hafa samband við, svöruðu 117. Þessir aðilar eru frá 28 útgerðabæjum, af þeim 54 stöðum þar sem landað var í strandveiðunum sl. sumar. Svarhlutfallið var því 65% en fjöldi svara fyrir hvert svæði, ásamt áætluðu úrtaki,

er sýnt í töflu 2. Besta svörunin var á svæði A, yfir 80%, en lökust á svæði B, 40%. Að einhverju leyti skýrist lök svörun af þeirri staðreynd að fyrir minni sjávarpláss fundust ekki þjónustuaðilar eða aðrir aðilar sem lagt var upp með í úrtakshópnum. Í sumum tilfellum var sami aðili í mörgum hlutverkum. Spyrjar leituðu þá í jafnvel til bæja í nágrenninu eftir fulltrúum þjónustuaðila, fiskvinnslu og markaða. Spyrill á svæði B sagði að dræma svörun mætti rekja til þess að aðilar vildu ekki svara spurningalistanum eða gáfu sér ekki tíma til þess. Var minnst á þetta á fleiri stöðum og átti þetta sérstaklega við um forsvarsmenn bæjarfélaga. Ennfremur var nokkuð um það að aðilar vildu ekki svara einstökum spurningum. Á Norðurlandi eystra var einnig dræm svörun en hafa ber í huga að spyrlar voru sex talsins og ólík eftirfylgni og aðstæður spyrla getur haft sitt að segja.

Tafla 2. Svörun í samfélagskönnun.

Svæði	Úrtak	Svörun	
		Svörun	í %
A:	60	49	82%
B:	30	12	40%
C:	45	31	69%
D:	45	25	56%
Alls	180	117	65%


6 Framgangur strandveiðanna

6.1 Aðdragandi

Undirbúningur og lagasetning fyrir strandveiðarnar hafði nokkuð skamman aðdraganda. Veidunum seinkaði um tæpan mánuð miðað við hvað lög um veiðarnar gerðu ráð fyrir en lögin voru eins og fyrr segir ekki samþykkt af Alþingi fyrr en 19. júní. Tæplega viku seinna, nánar tiltekið 25. júní, var reglugerð um veiðarnar undirrituð. Sama dag var gefið út umsóknareyðublað hjá Fiskistofu og næsta dag hófst afgreiðsla strandveiðileyfa. Fyrsti dagur veiða var 28. júní.

Hjá Siglingastofnun fengust þær upplýsingar að þegar fréttist að leyfðar yrðu strandveiðar um sumarið, hafi margir farið að dusta rykið af gömlum skírteinum. Skírteinisumsóknir sem bárust stofnuninni á vor- og sumarmánuðum voru suma dagana allt að 15, sem var tvö- til þreföldun miðað við það sem það er að jafnaði.

Ennfremur eru nokkrar vísbendingar um það að líf hafi færst í viðskipti með báta, sambærilegum þeim sem notaðir voru á strandveiðunum, þegar í upphafi ársins 2009. Þessa varð að vísu ekki vart í frumskráningum, enda var aðdragandinn að strandveiðunum það skammur að ekki var gott að bregðast við með því að láta smíða nýjan bát eða flytja inn á



Mynd 1. Umskráningar smábáta.

Síðasta umskráning þeirra báta sem eru sambærilegir strandveiðiflotanum að flokkun og lengd. Umskráning ætti að jafngilda eigendaskiptum. Fjöldi báta sem fylla þennan flokk eru nú alls 1.255 að strandveiðiflotanum meðtöldum. Upplýsingarnar ná til 16. október 2009.

óhagstæðu gengi. Frumskráningar slíkra báta fyrstu sex mánuði ársins 2008 voru fimm, en fyrstu sex mánuðina 2009 voru þær sjö. Mynd 1 sýnir sögu umskráninga þeirra báta sem sambærilegir eru strandveiðiflotanum síðustu ár. Þar sem hver bátur getur aðeins haft eina

dagsetningu sem síðasta umskráningardag segir myndin þó ekki alla söguna og ekki er hægt að reikna nákvæmlega út aukninguna.

Af þeim 554 strandveiðibátum sem þátt tóku í strandveiðunum 2009 voru 125, eða 23%, umskráðir á árinu, áður en viðkomandi bátur hóf strandveiðar.

6.2 Helstu staðreyndir

6.2.1 Fjöldi leyfa


Skv. skráningu Fiskistofu voru 595 leyfi til strandveiða veitt. Þar af voru 554 leyfi nýtt af 529 útgerðum. Í töflu 3 er yfirlit yfir fjölda leyfa á svæðunum fjórum. Flest leyfi voru veitt á svæði A en fæst á svæði B.

Tafla 3. Útgáfa leyfa eftir svæðum.

Svæði (fjöldi)	%
A-svæði (199)	33%
B-svæði (102)	17%
C-svæði (124)	21%
D-svæði (170)	29%
Samtals: 595	

6.2.2 Veiðarnar


Eins og fyrr segir hófust veiðar 28. júní. Þá daga sem veiðar voru leyfðar á öllum svæðunum fjórum var 62% dagsaflans landað að meðaltali á svæði A. Á svæði A var veiðibann frá 15. júlí fram til 4. ágúst, þar sem heildarúthlutun svæðisins fyrir júlí var uppurin. Veiðar á því svæði voru svo aftur stöðvaðar af sömu ástæðu eftir 12. ágúst. Á öðrum svæðum kom aldrei til þess að stöðva þyrfti veiðar af þessum sökum. Veiðidagar urðu alls 45 á svæðum B, C og D en 21 á svæði A. Fjöldi veiðiferða á bát að meðaltali voru 13 á svæði A, 14 á svæði B, 17 á svæði C og 10 á svæði D. Þess ber þó að geta að á svæði A voru menn almennt fljótastir til þess að hefja veiðar.



Mynd 2. Dagsetningar fyrstu löndunar hvers báts. Unnið úr gögnum Fiskistofu og sýnir raunverulegan fjölda fyrstu landana allra 554 bátanna.


Mynd 2 sýnir hvenær bátarnir hófu veiðar. Stöplariðið byggir á löndunargögnum frá Fiskistofu og sýnir hve margir bátar lönduðu sínum fyrsta afla af strandveiðunum viðkomandi dag. Sá sem síðastur var til þess að hefja veiðar landaði sínum fyrsta afla 31. ágúst, sem var síðasti dagur strandveiðanna 2009.

Veiðiheimildir voru misvel nýttar eftir svæðum. Á mynd 3 sést að aflaheimildir voru meira en fullnýttar á svæði A og á svæði C voru heimildir nánast fullnýttar. Slökust var nýtingin á svæði D eða 56% og á svæði B var nýtingin 63%.



Mynd 3. Afli og aflaheimildir eftir svæðum.

Aflinn í strandveiðunum var að stærstum hluta þorskur, þ.e. rúm 3,4 þúsund tonn, eða um 84% af heildaraflanum. Næst mest var veitt af ufsa, eða um 568 tonn en einnig nokkuð af karfa og ýsu. Í skífuritinu á mynd 4 má sjá aflasamsetninguna í strandveiðunum eftir tegundum.



Mynd 4. Skipting afla eftir helstu tegundum.

Svæðaskipting vegna strandveiða 2009

Svæði A

Dorskheimild:	1.316.000 kg
Þátttaka:	192 bátar
Dorskheimild á bát:	6,9 tonn
Heildarþorskaflí:	1.519 tonn
Meðalþorskaflí á bát:	8,0 tonn
Meðalafli á bát:	8,4 tonn
Meðalflaverðm.:	kr. 1.769.649
Veiðiferðir:	2.477
Meðalveiðiferð:	646 kg
Meðalveiðiferð:	kr. 136.661

Svæði B


Dorskheimild:	936.000 kg
Þátttaka:	94 bátar
Heimild á bát:	10 tonn
Heildarþorskaflí:	591 tonn
Meðalþorskaflí á bát:	6,3 tonn
Meðalafli á bát:	7,9 tonn
Meðalflaverðm.:	kr. 1.681.309
Veiðiferðir:	1.352
Meðalveiðiferð:	547 kg
Meðalveiðiferð:	kr. 116.539

Svæði C

Dorskheimild:	1.013.000 kg
Þátttaka:	115 bátar
Heimild á bát:	8,8 tonn
Heildarþorskaflí:	955 tonn
Meðalþorskaflí á bát:	8,3 tonn
Meðalafli á bát:	9,6 tonn
Meðalflaverðm.:	kr. 2.157.433
Veiðiferðir:	1.943
Meðalveiðiferð:	567 kg
Meðalveiðiferð:	kr. 127.700

Svæði D

Dorskheimild:	690.000 kg
Þátttaka:	153 bátar
Heimild á bát:	4,5 tonn
Heildarþorskaflí:	383 tonn
Meðalþorskaflí:	2,5 tonn
Meðalafli á bát:	4,3 tonn
Meðalflaverðm.:	kr. 755.211
Fjöldi veiðiferða:	1.483
Meðalveiðiferð:	446 kg
Meðalveiðiferð:	kr. 78.397



Mynd 5. Svæðaskipting vegna strandveiðanna 2009.
Helstu afluupplýsingar um hvert svæði (Fiskistofa, 2009e)

Á mynd 5 má sjá helstu tölulegar upplýsingar um svæðaskiptingu aflaheimilda og fjölda báta á hverju svæði fyrir sig. Ennfremur eru þar upplýsingar um veiddan afla á svæðum og fjölda veiðiferða. Miðað við framgreindar upplýsingar er ljóst að aflaheimildir fyrir hvern bát voru mestar á svæði B, 10 tonn, en lægstar á svæði D, 4,5 tonn. Meðalafli á bát var mestur fyrir báta á svæði C, eða 9,6 tonn, en magnið var 11-17% minna á svæðum A, um 8,5 tonn og B, um 8,5 tonn. Hærra hlutfall þorsks er í afla báta á svæði A. Meðalafli á bát á svæði D er rúmlega helmingi minni en að meðaltali á hinum þremur svæðunum og þar er þorskur einungis 60% aflans.

Ennfremur má sjá á myndinni að útgerðarmenn á svæði A fengu að meðaltali um 650 kg í hverri veiðiferð en um 550 kg á svæðum B og C. Aflamagnið var töluvert minna á svæði D, eða tæplega 450 kg.

6.2.3 Löndunarhöfn

Afla var landað á 54 stöðum á landinu og í töflu 3 gefur að líta yfirlit yfir helstu löndunar-

Tafla 3. Helstu löndunarhafnir í strandveiðunum.

Fjöldi báta eru þeir bátar sem einhverju sinni lönduðu í viðkomandi höfn. Þeir hafa margir landað í fleiri höfnum.

Höfn	Svæði	Heildar afli	Heildar verðmæti	Fjöldi báta	Fjöldi landana	Meðalafli veiðiferð	Mannfjöldi
Bolungarvík	SA	219.037	47.853.114	23	324	676	966
Grímsey	SB	207.558	43.635.322	19	283	733	92
Patreksfjörður	SA	195.811	42.586.305	23	272	720	617
Rif	SA	194.310	39.050.879	34	293	663	149
Ólafsvík	SA	186.748	38.932.695	23	303	616	991
Dalvík	SB	177.006	37.911.051	42	330	536	1412
Sandgerði	SD	169.936	31.245.185	42	357	476	1754
Húsavík	SC	168.796	34.572.532	19	274	616	2279
Stöðvarfjörður	SC	157.505	36.410.882	17	259	608	235
Siglufjörður	SB	157.075	33.084.099	28	301	522	1277
Bakkafjörður	SC	154.629	36.209.488	11	244	634	78
Hornafjörður	SD	108.759	18.591.232	12	151	720	1635
Stykkishólmur	SA	103.189	22.689.515	25	194	532	1111
Raufarhöfn	SC	101.139	18.791.239	13	190	532	223
Grundarfjörður	SA	99.775	21.977.416	16	177	564	853
Þórshöfn	SC	89.713	20.130.099	7	137	655	375
Grindavík	SD	88.532	15.351.775	18	184	481	2850
Ísafjörður	SA	87.555	18.652.751	17	146	600	2737
Flateyri	SA	82.804	17.781.943	12	117	708	260
Tálknafjörður	SA	78.662	16.581.948	11	110	715	294

hafnir á strandveiðunum. Heildartöfluna er að finna í viðauka C. Flestir bátar lönduðu í Sandgerði og á Dalvík en mestur afli kom á land í Bolungarvík og Grímsey. 12 stærstu löndunarhafnirnar eru bæir með færri en 1000 íbúa, þar af eru átta bæir með færri en 500 íbúa. Tvær löndunarhafnir af Suðvesturhorni landsins komast á listann en engin af höfuðborgarsvæðinu.

6.3 Framkvæmd laga


6.3.1 Lögheimili

Í reglugerðinni um strandveiðarnar stendur eftirfarandi: „Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita skipi leyfi til strandveiða miðað við landsvæði þar sem útgerð skips á heimilisfesti samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra og skal öllum afla veiðiskips landað innan þess landsvæðis. Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á fiskveiðiarinu“ (Reglugerð nr.550/2009).

Eins og fram hefur komið voru 554 strandveiðileyfi nýtt af 529 útgerðum. Samkvæmt gögnum Fiskistofu og Ríkisskattstjóra fluttu 34 þessara útgerða lögheimili sitt á milli svæða á tímabilinu frá miðjum maímánuði og út veiðitímabil strandveiðanna. Flestir útgerðaraðilar fluttu lögheimilið nokkrum dögum áður en þeir hófu veiðar. Af þessum 34 útgerðum fluttust 25 lögheimili útgerða af svæðum B, C og D yfir á svæði A. Yfir helmingur, eða 20 útgerðir, fluttu lögheimili sitt frá höfuðborgarsvæðinu.

6.3.2 Brotamál

Samkvæmt heimildum frá Fiskistofu var heildarfjöldi tilvika er varða brot á reglum tengdum regluverki strandveiðanna 330. Þessi tilvik skipast að mestu í tvo meginflokk; veiðar umfram 800 kg af kvótabundnum tegundum og lengd veiðiferðar umfram 14 klukkustundir.



Mynd 6. Hve oft einstaka bátar lönduðu meiru en sem nam 800 kg dagshámarkinu.

Á mynd 6 má sjá að margir lentu í því einu sinni að vera yfir mörkunum en mun færri lentu oft í slíku. Að hámarki mátti koma að landi með 800 kg af kvótabundnum tegundum, miðað við óslægðan afla. Alls var 90 tonnum af kvótabundnum tegundum landað yfir 800 kg mörkunum í 1.109 veiðiferðum af 7.255. Þannig hefur verið landað yfir hámarkinu í 15%

veiðiferða og þá að meðaltali 81 kg. Af þeim 554 bátum sem lönduðu einhverjum afla af strandveiðunum voru engu að síður 246 sem aldrei fóru yfir mörkin.


Samkvæmt starfsmönnum Fiskistofu eru 282 mál til meðferðar hjá stofnuninni vegna meintra veiða umfram leyfilegt hámarks magn. Fleiri en eitt tilvik getur legið að baki máli hvers aðila en vinnsla þessara mála stendur enn yfir og kann því endanlegur málafjöldi enn að breytast og fjöldi tilvika sem liggja að baki máli hvers og eins aðila. Búið er að senda 224 aðilum tilkynningu um álagningu, skv. ákvæðum laga nr. 37/1992 til samræmis við 7. mgr. ákvæðis til bráðabirgða laga nr. 66/2009, vegna afla umfram 800 kg í veiðiferð. Í þessum tilvikum er um að ræða aðila sem lönduðu öllum sínum afla á fiskmarkað. Heildarfjárhæð þegar tilkynntrar álagningar er 8,6 milljónir, aflamagnið er 42 tonn. Álagningu á hina aðilana verður væntanlega lokið í ársbyrjun 2010.

Alls voru til meðferðar 48 mál vegna þess að veiðiferð stóð lengur en 14 klukkustundir. Í engu af ofangreindum málum hefur verið tekin ákvörðun um beitingu viðurlaga samkvæmt 5. gr. reglugerðar nr. 550/2009.

Að lokum má nefna að yfir tveir þriðju talsmanna hafnaryfirvalda 27 löndunarhafna strandveiðanna töldu að strandveiðimenn hefðu farið að settum lögum og reglum við veiðarnar.

6.3.3 Öryggismál og eftirlit með veiðunum

Vaktstöð siglinga fer með eftirlit með veiðunum en allir báta sem gerðir eru út á sjó eru bundnir tilkynningaskyldu sjófarenda. Vaktstöðin hefur ekki töluleg gögn um fjölda tilkynninga sem rekja má til strandveiðiflotans, en á mynd 7 sést fjöldi landana strandveiðibáta fyrir hvern dag tímabilsins. Fjöldi báta á sjó hefur verið yfir 150 talsins helminginn af þeim 45 dögum sem veiðar voru leyfðar. Þegar best lét var fjöldinn um 400 bátar á einum degi. Starfsmenn töldu álag á vaktstöðina vegna strandveiðanna hafa verið það mikið að það hafi ógnað ásættanlegu öryggisstigi. Álagið var að mestu vegna fjölda báta en einnig vegna þess að margir bátanna höfðu legið lengi óhreyfðir. Ennfremur krefjast minni bátar meira eftirlits vegna smæðar og mannfæðar áhafnar um borð og þeim er hættara en stærri bátum að verða fyrir áhrifum veðurs og náttúruafla.



Mynd 7. Fjöldi landana hvers dags á tímabili strandveiðanna.

Þess má geta að meirihluti fulltrúa hafnaryfirvalda löndunarhafna, eða 60%, töldu að strandveiðisjómenn hefðu ekki tekið meiri áhættu með tilliti til veðurs en vant er. Rúmlega 20% töldu þó að svo hefði verið.

6.3.4 Umsagnir eftirlits- og umsjónarstofnana

Samkvæmt starfsmönnum Fiskistofu skapaðist mikill þrýstingur á Fiskistofu um það að gefa út leyfi í upphafi veiða. Þannig voru tæp 350 leyfi gefin út fyrstu vikuna frá gildistöku reglugerðarinnar en eftir það komu ekki stórir álagstoppar. Miðað við þetta álag telja starfsmenn að vinnan við leyfisveitingarnar hafi gengið vel. Forstöðumaður Fiskistofu, Árni Múli Jónasson, hefur tekið í sama streng og sagt að á heildina litið hafi strandveiðar sumarsins gengið vel (Ágúst Ingi Jónsson, 2009).

Starfsmenn Siglingastofnunar sögðu einnig að álagið hefði aukist verulega á vor- og sumarmánuðum vegna útgáfu skoðunar- og skipstjórnarskírteina.

Starfsemi Vaktstöðvar siglinga varð fyrir miklu álagi vegna strandveiðanna en stofnunin hefur umsjón með mörgum málaflokkum sem snerta eftirlit með veiðunum, t.d. fjarskipti við sjófarendur, fjareftirlit, leit og björgun, löggæslu og fiskveiðieftirlit. Að sögn starfsmanna var ekki gert ráð fyrir þessari aukningu í mannaráðningum og fjárhagsáætlun fyrir sumarið og lýstu þeir yfir miklum áhyggjum með að óbreytt ástand gæti dregið verulega úr öryggi sjófarenda næsta sumar.

7 Útgerðaraðilar

7.1 Bakgrunnur

Eins og fyrr hefur verið nefnt svöruðu 100 útgerðaraðilar könnuninni. Allir útgerðaraðilarnir í úrtakinu voru karlmenn. Þessi gerð sjómennsku virðist sem fyrr ekki höfða til kvenna en niðurstöður annarra skýrslna um þetta efni benda til þess að menningarlegur munur og neikvæð ímynd greinarinnar sé helsta ástæðan fyrir því að konur sækja ekki í sjómennsku (Helga Katrín Tryggvadóttir, 2008 og Erla Björk Guðrúnardóttir o.fl., 2007). Nokkuð áberandi aldurshalli var á meðal útgerðarmanna, en eins og sést í töflu 4 voru 62% aðspurðra 51 árs eða eldri en mjög fáir skipast í yngri hópana, þ.e. 40 ára eða yngri. Þessar niðurstöður benda til þess að eldri sjómenn sæki frekar í þessar veiðar en í veiðar almennt en í öðrum úttektum hefur meðalaldurinn legið á bilinu á milli 39 til 42 ára (Lovísa Ólafsdóttir, 2004 og Sonja Sif Jóhannsdóttir, 2008).

Tafla 4. Aldur útgerðarmanna.

Aldur	%
18-30	3
31-40	9
41-50	26
51-60	33
61-70	23
70<	6

Stór hluti útgerðaraðila, eða 64%, hafði störf tengd sjómennsku að aðalstarfi en 34% höfðu önnur störf að aðalstarfi (tafla 5). Mikill meirihluti svarenda hafði áður gert út bát á fiskveiðar, eða 80%. Nýliðar í fiskveiðum voru því 20%.

Tafla 5. Aðalstarf útgerðarmanna.


Starf	%
Sjávarútvegur	64
Iðnaðarmaður	12
Skrifstofustörf	5
Eftirlaunaþegi	4
Verkamaður	3
Fjármál/ viðskipti	2
Kennsla	1
Matvælafræðingur	1
Rafmagnstækni.	1
Stjórnunarstarf	1
Annað	6
Alls	100

Útgerðarmennirnir voru spurðir að því hvort þeir hefðu stundað fiskveiðar sl. sumar ef ekki hefði komið til strandveiðanna. Tæplega helmingur taldi að það hefðu þeir gert en flestir í þeim hópi starfa við sjávarútveg eða 63%. Hinn helmingurinn taldi að þeir hefðu ekki stundað fiskveiðar ef ekki hefði komið til strandveiðanna.

7.2 Útgerð og eignarhald

7.2.1 Yfirlit yfir aflahlutdeild og saga í útgerð

Samkvæmt gögnum Fiskistofu gerðu 529 útgerðir út báta á strandveiðarnar. 19 þessara útgerða, eða tæp 4%, gerðu út fleiri en einn bát. Eins og sjá má á mynd 8 var meirihluti þeirra útgerða sem gerðu út bát á strandveiðarnar kvótalaus, eða 60%. Alls réðu 209 strandveiðiútgerðir, eða 40%, yfir kvóta. Þær fengu úthlutað samtals 14.336 þorskígildum aflamarks. Þetta jafngildir 5,6% hlut-




Mynd 8. Kvótastaða útgerða sem þátt tóku í strandveiðunum. Miðað er við úthlutað aflamark í upphafi kvótaársins 2008-2009

deild í heildarúthlutun á því fiskveiðiári. Rúm 4% af útgerðum strandveiðanna fengu úthlutað meira en 100 tonnum af aflamarki í upphafi fiskveiðiársins 2008-2009 og að meðaltali rúnum 460 tonnum. Hæsta aflamark einnar útgerðar á strandveiðunum var tæp 2.500 þorskígildistonn. Hún gerði út þrjá báta á strandveiðarnar en samtals 11 báta á fiskveiðiárinu 2008-2009. Þá voru tæp 20% útgerða með aflamark á bilinu 10-100 tonn, að meðaltali tæp 34 tonn. 16% útgerða voru með aflamark undir 10 tonnum. Af þeim 209 strandveiðiútgerðum sem réðu yfir kvóta höfðu 43, eða rúm 20%, yfir að ráða bátum sem gerðu út á aðrar veiðar en strandveiðar á fiskveiðiárinu 2008-2009.

Í könnuninni sögðust 96% aðspurðra eiga hlut í útgerðinni, en eins og komið hefur fram var könnuninni einungis beint til lögskráða útgerðaraðila. 4% þeirra sögðust eiga í annarri útgerð.

Á mynd 9 sést að 24% útgerðarmanna sögðust einhvern tímann hafa selt allan sinn kvóta, en 11% þátttakenda í spurningakönnuninni vildu ekki svara þessari spurningu.



Mynd 9. Útgerðarmenn sem sögðust einhvern tímann hafa selt allan sinn kvóta.

Yfir helmingur útgerðarmanna, eða 53%, sögðust einhvern tímann hafa átt bát sem fluttist yfir í kvótakerfi á árunum 1991, 1995 og 2004, en það voru helstu flutningsár smábáta yfir í aflamarkskerfi. Samkvæmt könnuninni fluttust 10% allra útgerðamanna yfir í kvótakerfið í öll þrjú skiptin. Í 80% tilfella eru þessir aðilar enn handhafar kvóta.

Tafla 6. Áttir þú bát sem fluttist í kvótakerfið?

	1991	1995	2004
Já	29	18	28
Nei	67	77	67
Autt	4	5	5

7.2.2 Kvótaleiga

Samkvæmt svörum við spurningalista leigðu 56% útgerðaraðila til sín kvóta á fiskveiðiarinu 2008-2009. Sögðust þessir aðilar leigja frá þremur og upp í 1.000 tonn og að meðaltali 96 tonn. Rúmlega 70% kvótahafa sögðust leigja til sín kvóta og þá að meðaltali annað eins og þeir fengu úthlutað samkvæmt aflahlutdeild. Hlutfall þeirra útgerðaraðila sem ekki réðu yfir aflahlutdeild en leigðu allan kvóta til sín var 27% allra útgerðaraðila, eða tæplega helmingur þeirra kvótalaus.

Samkvæmt svörum leigðu 27% útgerða frá sér kvóta. Var þar um að ræða á bilinu 19%-100% aflamarksins og var meðaltalið 57%. Þriðjungur þessara útgerða leigði þó kvóta til sín líka og þá að jafnaði meira en frá sér.

7.2.3 Strandveiðibátarnir

Í svörum útgerðarmanna kom fram að tæp 90% strandveiðibáta eru í eigu útgerðarinnar. Þessum niðurstöðum ber vel saman við gögn í skipaskrá en þar er hlutfallið 85%. Aldur bátanna var að meðaltali 20 ár samkvæmt skipaskrá. Helmingur bátanna voru frá níunda áratugnum, en fjórðungur frá þeim tíunda. Af strandveiðiflotanum voru 10% báta nýskráðir eftir árið 2000 og 3% árið 2009.

7.2.4 Undirbúningur fyrir veiðarnar

Í spurningakönnuninni kom fram að útgerðarmenn þurftu að meðaltali níu daga í undirbúning fyrir veiðarnar en stór hluti hópsins, eða 40%, þurfti ekki neinn tíma í undirbúning. 11% útgerðarmanna þurftu mánuð eða meira í undirbúning.

Í könnuninni kom ennfremur fram að 16% útgerðarmanna sjósettu bátinn eingöngu vegna strandveiðanna. Í þessum hópi voru þeir sem höfðu ekki gert út á fiskveiðar áður í sama hlutfalli og nýliðar almennt í flotanum, eða 20%.

Í töflu 7 sést að þeir sem sjósettu báta eingöngu vegna strandveiðanna þurftu að meðaltali helmingi fleiri daga í undirbúning fyrir veiðarnar en þeir sem það ekki gerðu. Hins vegar lentu þessir bátar sjaldnar í bilunum, eða að meðaltali 0,4 daga á móti 1,7 dögum, en einnig var bilanatíðni lægri eins og sjá má.

Tafla 7. Undirbúningur og bilanir.
Flokkað eftir því hvort bátar voru sjósettir eingöngu vegna strandveiðanna eða ekki.

Sjósetti eingöngu vegna strandveiðanna		
	Já	Nei
Hlutfall	16,0%	84,0%
Dagar undirbúnings	16	8
Lentu í bilun	12,5%	33,0%

7.3 Veiðarnar

7.3.1 Sjómennska og aflabrögð

Í spurningakönnuninni kom fram að eigendur útgerðanna reru flestir bátunum sjálfir, eða rétt tæplega 80%. Útgerðarmenn voru í 37% tilvika með launað fólk á bátum. Í öllum tilfellum nema einu var um að ræða laun upp á hlut.

Tafir frá veiðum vegna bilana voru hjá velflestum litlar, en 70% sögðu að veiðar hefðu aldrei fallið niður vegna þessa. Smávægilegar bilanir, sem töfðu menn við veiðarnar um tvo daga eða minna, henti um 17% útgerðarmanna, en rúmlega einn af hverjum 10 hefur þó tafist verulega frá veiðunum eða í vikutíma eða lengur.

Tæp 40% útgerðarmanna sögðu veður hafi aldrei hamlað veiðum. Tafir vegna veðurs voru mjög mismunandi á milli svæða en litlar tafir orsökudust af þessum sökum á svæði A (2 dagar) og C (8 dagar) en töluverðar á svæðum B (16 dagar) og D (14 dagar). Vert er að benda á það hversu ólíkt veðurfar getur verið innan sama svæðis. Til dæmis gáfu viðmælendur á Akranesi upp að meðaltali tæplega sjö gæftaleysisdaga á meðan að meðaltalið fyrir Sandgerði og Keflavík var 21 dagur.

Tafir vegna annarra hindrana en veðurs og bilana urðu hjá 16% útgerðarmanna. Fiskleysi var helst nefnt sem ástæða og var þar aðallega um að ræða útgerðarmenn frá Reykjavík og Reykjanesi. Niðurstöður úr spurningunni

Tafla 8. Svör við spurningunni "Hvernig veiddist?", flokkað eftir svæðum.

	A	B	C	D
Fjöldi	34	18	19	29
Nokkuð/mjög vel	91%	50%	69%	21%
Sæmilega	9%	33%	11%	52%
Nokkuð/mjög illa	0%	17%	21%	27%

„Hvernig veiddist?“ styðja þessar umsagnir sjómanna á Suðurlandi en í töflu 8 sést greinilega að útgerðarmenn á svæði D töldu fæstir að vel hefði fiskast. Almennu voru þó flestir útgerðar-

menn ánægðir með aflabrögðin, en tæplega 60% allra útgerðamanna töldu að það hefði veiðst mjög eða nokkuð vel á tímabili strandveiðanna.

Tafla 9. Upplifun útgerðarmanna á velgengni við veiðar eftir sóknarhörku.
Svörin eru flokkuð í þrjá flokka, þar sem „+“ þýðir mest eða best en „-“ þýðir lakast og minnst.

Sóknarharka	Hvernig veiddist			Aflaverðmæti			Vulgengni við veiðar		
	+	+/-	-	+	+/-	-	+	+/-	-
Alla daga sem gaf	72%	20%	0%	52%	31%	17%	78%	15%	5%
Þegar vel stóð á	33%	38%	29%	8%	25%	67%	54%	17%	29%
Þegar mig langaði til	40%	30%	30%	10%	10%	80%	50%	30%	20%

Flestir útgerðaraðilar, eða 65%, sögðust hafa sótt sjóinn alla daga sem gaf, en rétt tæplega fjórðungur kvaðst hafa farið þegar vel stóð á. 10% svarenda sögðust hafa farið þegar þá langaði til. Í töflu 9 sést að þeir aðilar sem sóttu stíft veiddu betur og upplifðu meiri velgengni og fjárhagslegan ávinning af veiðunum, en þeir sem fóru þegar vel stóð á eða þegar þeim langaði. Ekki má þó líta fram hjá þeirri staðreynd að helmingur þeirra sem fór út þegar vel stóð á eða þeim langaði til töldu að veiðarnar hefðu gengið vel.

Tafla 10. Sóknarharka og velgengni við veiðar eftir svæðum.
Svörin eru flokkuð í þrjá flokka, þar sem „+“ þýðir mest eða best en „-“ þýðir lakast og minnst.

Sóknarharka	Hvernig veiddist			Aflaverðmæti			Vulgengni við veiðar					
	+	+/-	-	+	+/-	-	+	+/-	-			
A	91%	9%	0%	91%	9%	0%	59%	24%	18%	94%	6%	0%
B	50%	33%	17%	50%	33%	17%	22%	33%	44%	56%	28%	11%
C	74%	11%	11%	68%	11%	21%	42%	42%	16%	68%	21%	11%
D	38%	45%	17%	21%	52%	28%	17%	21%	62%	48%	24%	28%

Þegar einstök svæði eru skoðuð með fyrrgreinda þætti í huga, eins og í töflu 10, sést að útgerðarmenn á svæði A sóttu stífar en á öðrum svæðum en þar töldu langflestir að vel hefði veiðst og mat á arðsemi af veiðunum var hærra en á öðrum svæðum. Litlu lakari niðurstöður eru fyrir svæði C. Veiðivon manna og vissa um góð aflabrögð hafa eflaust hvatt menn til dáða. Flestir útgerðarmenn á þessum tveimur svæðum töldu að veiðarnar hefðu gengið vel og áberandi er mikil ánægja fyrir vestan, þ.e. svæði A. Slakari ásetningur og minni ánægja með veiðarnar er augljós á svæðum B og D og þá sérstaklega á svæði D. Þessar niðurstöður ríma vel við gæftir og fiskgengd á svæðunum en á svæðum B og D voru fiskveiðiheimildir langt frá því að vera fullnýttar (svæði B 63% og svæði D 56%) en næstum fullnýttar á svæði C og meira en fullnýttar fyrir svæði A.

7.3.2 Mönnun og færabúnaður

Algengast var að einn væri í áhöfn báts en þannig háttaði hjá 74% þeirra sem urðu fyrir svörum.

Tveir voru í áhöfn 22% bátanna en 4% svöruðu að 1-2 hefðu verið á bátnum.

Heimild var fyrir fjórum handfærarúllum á hverjum bát en 42% allra útgerðarmanna nýttu fulla heimild í því tilliti. Með þrjár rúllur voru

35% aðspurðra og 22% með tvær rúllur. Einn (1%) sagðist hafa látið eina rúllu nægja. Í töflu 11 má sjá að meirihluti útgerðamanna, um og yfir 80%, á svæðum A, C og D notaðist við 3-4 rúllur en þetta hlutfall er einungis 50% fyrir svæði B. Sóknarharka þeirra sem notuðust við 3-4 rúllur var mjög sambærileg en minni hjá þeim aðilum sem nýttu sér tvær rúllur. Svipaða sögu er að segja um nettótekjur útgerðamanna, en í töflu 12 sést að talsverður tekjumunur er á milli þeirra hópa sem notuðu tvær eða þrjár handfærarúllur.

Tafla 11. Fjöldi handfærarúlla á bát. Hlutfall á hverju svæði með 1,2,3 eða fjórar rúllur.

Svæði:	A	B	C	D
Fjöldi	34	18	19	29
1	0%	6%	0%	0%
2	21%	44%	16%	14%
3	38%	22%	47%	31%
4	41%	28%	37%	55%

Tafla 12. Áætlaðar nettótekjur eftir fjölda handfærarúlla

	Fjöldi færarúlla/tekjur		
	4	3	2
Hlutfall	42%	35%	22%
Meðaltal	878.049	735.714	437.500

7.3.3 Brottkast

Þriðjungur útgerðaraðilar töldu að sjómenn hefðu stundað brottkast við veiðarnar. Tæplega 20% allra útgerðaraðila töldu að einn af hverjum 10 hefði stundað brottkast. Þá töldu 7% að þrír af hverjum 10 stunduðu brottkast.

Útgerðaraðilar voru spurðir um eigið brottkast. Alls neituðu 93% því að hafa stundað brottkast, 5% sögðust hafa kastað minna en 5% af aflanum og einn taldi sig hafa kastað 5-10%. Þannig kváðust 6% hafa stundað eitthvað brottkast, en í öllum tilfellum undir 10% aflans.

7.3.4 Ráðstöfun afla

Samkvæmt spurningakönnuninni seldu flestir útgerðamenn, eða tæp 80%, allan aflann á fiskmarkað. Þá sögðu 12% að hann hefði verið seldur beint til vinnslu, 4% að hann hefði verið seldur til eigin vinnslu og 5% að hann hefði ýmist verið seldur til vinnslu eða á markað.

Samkvæmt svörum útgerðarmanna virðist

Flateyri vera sú höfn þar sem mestum aflu var landað beint til vinnslu.

Í töflu 13 sést að munur var á milli svæði í ráðstöfun afla. Fjórðungur aflans fór til vinnslu á svæði A en sáralítið fór til vinnslu á svæði B.

Tafla 13. Ráðstöfun afla eftir svæðum.

Svæði:	A	B	C	D
Fjöldi svara	34	18	19	29
Á fiskmarkað	74%	89%	79%	79%
Beint til fiskvinnslu	15%	0%	11%	17%
Til eigin fiskvinnslu	9%	6%	0%	0%
Ýmist vinnsla/mark.	3%	6%	11%	3%

7.3.5 Útgjöld, afrakstur og mikilvægi fyrir afkomu

Í úttektinni var spurt um undirbúningskostnað, aflaverðmæti og nettótekjur af veiðunum. Var mönnum gefinn kostur á því að velja ákveðin kostnaðarbil. Í töflu 14 sjást niðurstöður fyrir kostnað útgerðarmanna en vegið meðaltal var tæp 350 þúsund. Meiru var kostað til þeirra báta sem sérstaklega voru sjósettir vegna strandveiðanna. Gróflega má áætla að kostnaður þeirra hafa verið helmingi hærri en hinna, eða um 470 þúsund á móti um 310 þúsund.

Út frá svörum útgerðaraðila má ætla að aflaverðmæti útgerða hafi að meðaltali verið tæplega 1,7 milljónir króna. Mikil breidd var í uppgefnum svörum útgerðarmanna en tæplega helmingur útgerðarmanna telur aflaverðmætið hafa verið á bilinu ein til þrjár milljónir króna, eins og sjá má í töflu 15. Aflaverðmæti út frá rauntölum um aflu sem landað var í strandveiðunum styðja þessi svör útgerðaraðila og voru tæp 1,6 milljón á bát.

Tafla 14. Mat útgerðarmanna á kostnaði við undirbúning veiðanna.

Undirbúningskostnaður	
Minna en 100.000	42%
100.000-300.000	15%
300.000-600.000	23%
600.000-1.000.000	11%
Yfir 1.000.000	7%
Autt	2%

Tafla 15. Uppgefin heildaraflaverðmæti skv. svörum útgerðarmanna.

Heildaraflaverðmæti	
Minna en 500.000	16%
500.000-1.000.000	19%
1.000.000-2.000.000	28%
2.000.000-3.000.000	20%
Meira en 3.000.000	17%

Eins og sést í töflu 16 taldi tæplega helmingur útgerðarmanna að þeir hefðu haft undir kr. 500.000 í nettótekjur af veiðunum og hinn helmingurinn taldi sig hafa haft meira upp úr krafsinu. Mjög fáir, eða 6%, sögðu að þeir hefðu haft yfir tvær milljónir króna. Vegið meðaltal fyrir nettótekjur útgerðaraðila er u.þ.b. kr. 730.000¹.

Útgerðarmennirnir voru einnig spurðir að því hve mikilvægar þeir teldu veiðarnar vera fyrir afkomu sína. Töldu 55% þeirra þær mjög mikilvægar og 24% nokkuð mikilvægar, en 21% töldu þær ekki mikilvægar. Af þeim 21 sem fylltu síðasta flokkinn svöruðu 19 til um nettótekjur sínar og af þeim sögðust 13 hafa haft tekjur undir 500.000 krónum. Þeir sem töldu veiðarnar mjög mikilvægar fyrir afkomu sína höfðu um 64% hærri tekjur af veiðunum en hinir tveir hóparnir, eða 884.000 kr. á móti 540.000 kr.

Tafla 16. Uppgefnar nettótekjur skv. svörum útgerðarmanna.

Nettótekjur	
Minna en 500.000	49%
500.000-1.000.000	28%
1.000.000-2.000.000	14%
2.000.000-3.000.000	4%
Meira 3.000.000	2%
Svöruðu ekki	3%

Í úttektinni var spurt að því hvort útgerðaraðilum þætti mikilvægara; efnahagslegur ávinningur eða ánægjan af veiðunum. Tæplega tveir þriðju töldu að efnahagslegur ávinningur skipti meira máli, en tæplega þriðjungur svaraði því til að ánægjan væri mikilvægari. Í fyrri hópnum sögðu þó 19 af 60 að þeir teldu báða möguleikana eiga við, en tveir af hinum 30.

¹ Ekki er hægt að meta þessi gildi nákvæmlega út frá svörunum, þar sem um var að ræða uppgefin tekjubil. Í þessu tilfalli var tekið vegið meðaltal af tekjubílanum sem voru gefin upp. Tekjubílið 500.000-1.000.000 var túlkað sem 750.000, 1.000.000-2.000.000 var túlkað sem 1.500.000, 2.000.000-3.000.000 var túlkað sem 2.500.000. Minna en 500.000 var túlkað sem 250.000. Meira en 3.000.000 var túlkað sem 3.250.000.

7.4 Mat á fyrirkomulagi veiðanna

7.4.1 Dagshámarkið

Almennt virðist hafa verið góð sátt um 800 kílóa aflahámark á dag. Tæplega tveir þriðju hluti útgerðamanna töldu dagshámarkið hafa verið hæfilegt en 27% töldu það hafa verið of lágt. Þá töldu 5% að 800 kíló hefði verið of mikið.

Því næst var spurt að því hvort viðkomandi vildi láta taka upp aðrar aflatakmarkanir í strandveiðum en dagshámarkið. Gefnir voru fjórir svarmöguleikar; „Nei“, „Já – vikuhámark“, „Já – mánaðarhámark“ og „Já – hámark yfir árið“. Flestir svöruðu neitandi, eða 64%. Vikuhámark studdu 22%, mánaðarhámark 9% og árshámark 5%.

7.4.2 Hámarkslengd veiðiferðar

Strandveiðimenn voru spurðir um 14 klukkustunda hámarkslengd hvernar veiðiferðar. Þrem af hverjum fjórum þótti hún hæfileg, 20% töldu hana of litla en 4% of mikla. Í beinu framhaldi var spurt að því hvort viðkomandi þætti rétt að klukkustundafjöldi veiðiferðar væri takmarkaður. Rúmlega 70% voru því hlyntir en tæp 30% ekki.

7.4.3 Aflamarkskerfi eða dagatakmarkanir (sóknarmark)


Hugsanlegur valkostur við núverandi aflamarkskerfi er sóknarmark. Það hefur verið notað hér á landi í ýmsum myndum, síðast í flokki smábáta, en var að mestu lagt af árið 2004 og alveg lagt af árið 2006. Það þótti því eðlilegt að spyrja strandveiðimennina að því hvort þeir vildu láta taka upp dagatakmarkanir í strandveiðunum, þ.e.a.s. ákveðinn fjölda daga sem hver strandveiðimaður fengi úthlutað. Þessu svöruðu 70% neitandi en tæp 30% játandi.

7.4.4 Fyrirkomulag banndaga

Spurt var að því hvort viðkomandi hefði viljað hafa fyrirkomulag banndaga með öðrum hætti en viðhaft var síðastliðið sumar, þ.e. bann við veiðum á föstudögum og laugardögum. Rúmlega 60% voru sátt við núverandi fyrirkomulag en rúmlega 20% vildu færa bannið á laugardaga og sunnudaga og um 7% vildu enga banndaga. Að lokum nefndu um 10% að þeir vildu að fyrirkomulagið yrði annað og settu fram tillögur í athugasemdum. Algengastar voru tillögur um það að banndagarnir yrðu valkvæðir, þannig að róa mætti fimm daga í viku að eigin vali. Nokkrir vildu bæta sunnudegi við sem banndegi, þannig að banndagar yrðu þrír; föstudagur, laugardagur og sunnudagur.

7.4.5 Aflaheimildir og skipting svæða

Stór hluti útgerðaraðila á svæði A, eða 85%, töldu úthlutaðan afla fyrir svæðið hafa verið of lítinn í samanburði við önnur svæði. Svör útgerðamanna á svæði A skýrast af þeirri staðreynd að að stöðva þurfti veiðar bæði í júlí og ágúst, þar sem þorskaflaheimildir dugðu ekki til veiða út mánuðina. Á svæði B sagði aðeins einn (6%) að úthlutaður afli á svæðinu hefði verið of lítill, 26% (fimm) á svæði C og 34% (tíu) á svæði D. Það voru helst útgerðarmenn af svæðum C og B sem nefndu að úthlutaður afli hefði verið fremur mikill.



Mynd 10. Hvernig strandveiðimönnum á hverju svæði þótti skiptingin í svæði henta.

Mjög skiptar skoðanir voru um svæðaskiptingu strandveiðanna og var óánægjan mest á svæði A, þar sem tæplega helmingur útgerðaraðila töldu skiptinguna henta illa eða mjög illa, eins og sjá má á mynd 10. Ennfremur sést á sömu mynd að ánægjan er mikil á svæði C og fast á eftir fylgir svæði B. Í framhaldinu var spurt að því hvort útgerðaraðilar hefðu tillögu að breyttri svæðisskiptingu og settu tæplega 40% aðspurðra fram tillögur að breytingum. Hér fyrir neðan eru tillögurnar og eru þær flokkaðar og raðað eftir fylgi:

- Allt landið verði að einu svæði (10 aðilar)
 - Allar tillögur nema ein komu af svæði A
- Minnka svæði og fjölga þeim (8 aðilar)
 - Öll þessi svör utan eitt komu af svæði A
- Svæði D nái að Arnarstapa (Malarrifi) (3 aðilar).
 - Allar þessar tillögur komu frá svæði D
- Hornafjörður verði með Austfjörðum (2 aðilar)
- Vestfirðir verði sérstakt svæði (og Breiðafjörður annað) (2 aðilar)
- Betra samræmi verði á milli fjölda báta og aflaheimilda (2 aðilar)
- Taka þarf mið af fiskgengd við ákvörðun svæða (2 aðilar)
- Skagatá að Rauðanúpi verði eitt svæði (1)
- Reykjaneskagi til og með Ísafjardardjúpi verði eitt svæði (1)
- Snæfellsnes fari inn á suðursvæðið (1)

7.4.6 Veiðitímabilið

Útgerðaraðilar voru spurðir um veiðitímabil strandveiðanna, frá júníbyrjun fram í ágústlok. Tæplega 75% töldu að þetta fyrirkomulag hentaði vel eða mjög vel. Ánægjan var þó mismikil eftir svæðum en um 80-90% útgerðaraðila á svæðum A, B og C töldu tímabilið henta vel eða mjög vel en þetta hlutfall var einungis rúmlega 40% á svæði D.

Útgerðaraðilum var gefinn kostur á því að koma fram með tillögur að breyttri skipan veiðitímabilsins, hvor tveggja lengd og upphafsmánuð veiðanna. Yfir helmingur viðmælenda mælti með því að veiðarnar hæfust í maí og stæðu yfir í fjóra mánuði. Tæplega 40% viðmælenda studdi óbreytt fyrirkomulag.

7.4.7 Heildarmat á fyrirkomulag veiðanna

Spurt var um það hvernig heildarfyrirkomulag veiðanna hefði hentað. Skemmst er frá því að segja að 92% útgerðaraðila töldu að það hefði hentað nokkuð eða mjög vel. Að lokum er rétt að nefna að tæplega 60% útgerðarmanna töldu strandveiðarnar hafa fært sér mikilvæga reynslu.

7.4.8 Strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða

Tæplega 90% útgerðarmannanna töldu veiðarnar hafa heppnast mjög eða frekar vel og voru fremur eða mjög sáttir við strandveiðar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða. Rétt rúmlega 5% voru fremur eða mjög ósáttir í þessu tilliti. Nánast allir á svæðum D (97%) og B (94%) studdu fyrirkomulagið en litlu minni stuðningur var á svæðum A (82%) og C (89%).

Útgerðaraðilum var gefinn kostur á því að koma með hugmyndir um breytingar á fyrirkomulagi strandveiðanna fyrir næsta ár. Tæplega 90% komu með tillögur og var hlutfallið hæst fyrir svæði A. Hér fyrir neðan eru uppástungur útgerðaraðila flokkaðar og raðað eftir fylgi:

- Svæðisskipan verði breytt (22%). Þriðjungur þessara aðila, allir af svæði A, kom fram með þá tillögu að landið verði eitt svæði
- Heildarmagnið verði aukið (15%)
- Tímabilið verði lengt (11%)
- Í stað aflahámarks sem miðar við 800 kíló af óslægum kvótabundnum tegundum, þá verði miðað við 800 kílóa þorskígildi (11%)
- Kvótaeigendum verði ekki leyft að taka þátt í strandveiðunum (8%)


Eftirfarandi tillögur komu frá 1-3 einstaklingum og er raðað eftir fjölda þeirra sem nefndu:

- Dagshámarkið verði meira en 800 kíló
- Veiðidagar verði valkvæðir og verði ákveðinn fjöldi daga á ákveðnu tímabili, t.d. í viku hverri, í stað þess að vera fastákveðnir vikudagar
- Dagakerfi verði komið á
- Veiðarnar verði kvótasettar og úthlutað eftir veiðireynslu sumarsins
- Klukkustundafjöldinn verði aukinn úr 14 tímum á dag
- Strandveiðar handfærabáta verði gefnar frjálssar
- Byggðakvótinn verði tekinn inni í veiðarnar til þess að auka heildaraflaheimildir
- Finna þarf kvóta í veiðarnar
- Strandveiðar verði leyfðar allt árið með sömu takmörkunum
- Strandveiðarnar verði lagðar niður
- Vélastærð báta verði takmörkuð
- Nýliðar fái forgang með einhverjum hætti
- Dagshámarkið verði minna en 800 kg
- Heildaraflaheimildunum verði betur deilt á svæðin

8 Mat hagsmunaaðila

8.1 Bakgrunnur:

Konur voru í miklum minnihluta þeirra sem svöruðu í þessari könnun. Þær voru aðeins 14% á móti 86% karla. Eins og sjá má á mynd 11 skiptist úrtakið þó tiltölulega jafnt á milli þeirra fjögurra hópa hagsmunaaðila sem skilgreindir voru í upphafi. Hafnarstjórar og staðgenglar þeirra voru þó eðli málsins samkvæmt fámennari hópur en aðrir.




- Hafnarstjórar.
- Yfirmenn fiskmarkaðs og fiskvinnsla (2-3 aðilar).
- Birgjar, þjónustuaðilar, framleiðendur aðfanga (1-2 aðilar).
- Forsvarsmenn bæjarfélaga, pólitískir fulltrúar í bæjarráði (2 aðilar).

Mynd 11. Hlutfall hagsmunahópa á meðal þeirra sem svöruðu samfélagskönnun.

8.2 Mat hagsmunaaðila á umfangi áhrifa veiðanna


Flestir, eða 93% aðspurðra, sögðust hafa orðið varir við strandveiðarnar. Sögðust 4% ekki hafa orðið varir við þær og var þar um að ræða tvo sveitarstjórnarmenn og tvo þjónustuaðila. Yfir helmingur viðmælenda taldi að umsvifin í kringum veiðarnar hefðu verið mjög eða frekar lítil í þeirra samfélögum. Rúmlega 40% töldu þau hafa verið nokkuð eða frekar mikil. Einungis 7% töldu þau hafa verið mjög mikil.



Mynd 12. Umfang áhrifa strandveiðanna.

Á mynd 12 sjást niðurstöður fyrir mat hagsmunaaðila á umfangi áhrifa veiðanna fyrir einstaka samfélagsþætti og þjónustustarfsemi í samfélagi þeirra. Helst töldu menn sig merkja umtalsverð áhrif í aukinni bátaumferð og mannlífi við höfnina en einnig töldu margir, eða yfir 60%, að veiðarnar hefðu aukið möguleika heimamanna til þess að stunda sjómennsku. Einnig má sjá að 40% viðmælenda töldu að verkefni þjónustuverkstæða hefðu aukist lítillega með tilkomu veiðanna.


Í spurningakönnuninni var spurt um hvers konar þjónustufyrirtæki hefðu helst notið góðs af veiðunum. Nærri 30% nefndu fiskmarkaði og verkstæði í því samband en mun færri aðra þjónustustarfsemi, eins og sjá má á mynd 13. Um 7% aðspurðra töldu að enginn þjónustuaðili hefði notið góðs af veiðunum. Það voru fáir, eða 17% viðmælenda,



Mynd 13. Þjónustuaðilar sem nutu góðs af veiðunum.

sem töldu að ný störf hefðu skapast með tilkomu strandveiðanna. Þeir nefndu fjölgun starfa tengdum sjómennsku en einnig störf í þjónustu í tengslum við veiðarnar, s.s. á fiskmörkuðum, við flutningastarfsemi og aðra þjónustu.

8.3 Mikilvægi veiðanna



Mynd 14. Mat hagsmunaaðila á mikilvægi veiðanna fyrir þeirra samfélag.

Viðmælendur gerðu meira úr samfélagslegu mikilvægi veiðanna en efnahagslegu. Þriðjungur svarenda taldi að samfélagslegt mikilvægi veiðanna væri nokkurt og annar þriðjungur taldi það vera frekar eða mjög mikið, á meðan þessi hlutföll eru um fjórðungur fyrir efnahagslegt mikilvægi. Áhugavert er að skoða það hvernig þetta mat er breytilegt á milli stórra og smárra útgerðarbæja. Tæplega 70% viðmælenda voru frá 17 af 20 stærstu löndunarbæjum strandveiðanna. 11 þessara bæja hafa færri en 1000 íbúa en sex fleiri en 1000 íbúa. Þar sem úrtakið úr hverju samfélagi telur í mörgum tilfellum ekki marga einstaklinga ber að fara varlega í ályktunum. Þó gefa niðurstöðurnar einhverjar vísbendingar um ólíkt samfélagslegt mikilvægi veiðanna fyrir stærri og minni útgerðarstaði. Niðurstaðan er sú að rúmlega 70% aðila frá smærri bæjunum töldu að samfélagslegt mikilvægi hefði verið mjög eða frekar mikið. Þetta hlutfall var rúm 25% fyrir stærri bæina.

Flestir aðspurðra töldu að veiðarnar hefðu haft nokkur eða mikil jákvæð áhrif á samfélag þeirra, eða tæp 60%. Aðrir töldu þau hafa verið mjög eða frekar lítil. Ennfremur töldu tæplega 70% viðmælenda að auknar strandveiðar gætu haft jákvæð áhrif á samfélag þeirra en 20% töldu svo ekki vera.


8.4 Fyrirkomulag veiðanna og tengsl þeirra við aðrar leiðir í fiskveiðistjórnun

Á mynd 15 sést að flestir, eða 40%, töldu veiðarnar hafa heppnast sæmilega og um þriðjungur taldi að þær hefðu heppnast frekar eða mjög vel. Um fjórðungur taldi þær hafa heppnast illa.


Meira en helmingur viðmælenda var sáttur við strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða, eins og sjá má á mynd 16.

Viðmælendur voru spurðir að því hvort þeir teldu að fyrirkomulagi strandveiðanna fylgdu einhverjir vankantar. Tæplega 90% töldu svo vera. Flestir, eða 30%, fundu að því að þeir sem hefðu áður selt kvóta sinn fengju nú aftur tækifæri til þess að taka þátt í veiðum og að menn gætu leigt frá sér kvóta og farið svo á veiðar. Margir nefndu það einnig sem galla á fyrirkomulaginu að heimildir sem ráðstafað væri til veiðanna væru teknar frá öðrum. Þá var gagnrýnt að tímabilið hentaði illa, sér í lagi á svæði D.


Það þótti áhugavert að skoða hvort strandveiðarnar svari einhverjum af annmörkum kvótakerfisins. Á mynd 17 sést að mjög skiptar skoðanir eru á meðal aðila um þetta álitamál. Viðmælendur skiptust í nokkuð jafnstóra hópa en 15% þeirra vildu ekki svara þessari spurningu. Þeir sem töldu svo vera nefndu flestir aukna möguleika á nýliðun og að veiðarnar biðu upp á tækifæri fyrir þá sem ekki hefði yfir aflaheimildum að ráða.



Mynd 15. Hvernig þótti þér veiðarnar heppnast?




Mynd 16. Hversu sáttur ertu við strandveiðarnar, sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða?



Mynd 17. Telur þú strandveiðar svara einhverjum annmörkum kvótakerfisins?

Viðmælendur voru einnig beðnir um að svara nokkrum fullyrðingum um strandveiðarnar og tengsl þeirra við aðrar leiðir í fiskveiðistjórnun. Niðurstöðurnar eru birtar á mynd 18. Flestir, eða tveir af hverjum þremur aðspurðra, töldu að einhver útgáfa af svæðisbundnum kvóta væri nauðsynleg fyrir þeirra byggðarlag. Menn voru ekki á eitt sáttir um það hvort byggðakvótinn væri sanngjarnari aðferð við veiðistjórnun en strandveiðarnar, en þó virtust menn örlítið vilhallari strandveiðunum. Áberandi er hve margir tóku ekki afstöðu, eða um þriðjungur aðspurðra. Eindregnari jákvæð afstaða viðmælanda var um strandveiðarnar sem leið til þess að treysta byggð í bæjarfélagi viðkomandi, 45% voru á því en 30% ekki.



Mynd 18. Afstaða til nokkurra fullyrðinga um fiskveiðistjórnun.

- I Einhver útgáfa af svæðisbundnum kvóta er nauðsynleg fyrir mitt byggðarlag.
- II Byggðakvótinn er sanngjarnari aðferð við veiðistjórnun en strandveiðarnar.
- III Hve sammála ert þú fullyrðingunni: Mér finnst núverandi fiskveiðistjórnun sanngjörn.
- IV Strandveiðarnar eru leið til þess að treysta byggð í þínu bæjarfélagi.

9 Gæði afla

Gæði afla er málefni sem snertir markmið laga um stjórn fiskveiða um hagkvæma nýtingu og verndun fiskistofna. Töluverð umræða hefur verið um gæði afla strandveiðanna og þau borin saman við gæði afla annarra veiða. Hér verður reynt að gera því efni nokkur skil.


Útgerðaraðilar voru spurðir um gæði eigin afla og sögðu rúmlega 90% þau mjög eða nokkuð góð. Eins og sést í töflu 17 er merkjanlegur munur á þessu mati útgerðaraðila á milli svæða. Á svæði A töldu yfir 90% útgerðaraðila gæði afla síns vera mjög góð. Lakast meta útgerðarmenn gæði aflans á svæði C en tæp 70% telja hann hafa verið mjög góð.

Mat forsvarsmanna fiskmarkaða og fiskkaupenda á gæðum fisks af strandveiðunum var mjög mismunandi. Meirihluti þeirra taldi þó að gæði strandveiðiafla stæðust vel samanburð við annan afla, eins og sést á mynd 19. Töldu 56% að gæðin stæðust samanburð eða 66% þeirra sem tóku afstöðu. Niðurstöðurnar eru svipaðar fyrir svæði A, B og D en á svæði C voru 70% viðmælenda á því að gæðin stæðust vel samanburð eða 87% þeirra sem tóku afstöðu.

Tafla 17. Gæði afla eftir svæðum. Mat útgerðaraðila.

	A	B	C	D
Fjöldi svara	34	18	19	29
Mjög góð	91%	83%	68%	76%
Nokkuð góð	0%	11%	11%	21%
Í meðallagi	9%	6%	11%	3%
Nokkuð slæm	0%	0%	11%	0%
Mjög slæm	0%	0%	0%	0%

■ Vel ■ Sæmilega ■ Illa ■ Autt



Mynd 19. Hvernig standast gæði fisks af strandveiðum í samanburði við annan afla?

10 Aflaverðmæti

Meðalverð það sem fiskmarkaðir greiddu fyrir þorsk á fiskmörkuðum yfir tímabil strandveiðanna var um 234 krónur (SAX, 2009). Sambærilegar tölur um verð sem fékkst fyrir fisk til vinnslu eru ekki aðgengilegar og því er notast við svör útgerðarmanna hvað það varðar.

Samkvæmt svörum útgerðaraðila var meðalverð hjá þeim sem seldu á markað herra en hjá þeim sem seldu beint til vinnslu, þó ekki væri mikill munur á. Meðalverð fyrir þorskafli á markaði var 218 krónur, að sögn útgerðarmannanna, en 207 krónur ef selt var beint til vinnslu. Samkvæmt svörum var hlutfall afla seldum til markaða á móti afla til vinnslu 82:18. Með þessum tölum er hægt að reikna það meðalverð sem fékkst fyrir þorskafli á hverju svæði fyrir sig, en í töflu 18 sést að það var nokkuð svipað á svæðunum fjórum. Meðalverð virðist þó aðeins herra á svæði B en annars staðar, en reiknast hins vegar lægst á svæði D.

Tafla 18. Meðalverð fyrir þorskafli eftir svæðum.

Svæði:	A	B	C	D
Meðalverð	212	230	219	203
Staðalfrávik	24	40	39	37

Þar sem ekki er hægt að fá nákvæmar upplýsingar um aflaverðmæti allra strandveiðibátanna er aflaverðmætið reiknað út frá markaðsverði, skráðu meðalverði hvers dags og söluverði til vinnslu, samkvæmt svörum útgerðarmanna, í því hlutfalli sem útgerðarmenn sögðust hafa selt til vinnslu. Hafa ber í huga að markaðsverð getur verið mjög breytilegt á sama deginum á milli svæða og báta. Með þessari aðferð fæst sú niðurstaða að meðalverð það sem fékkst fyrir óslægðan þorsk hafi verið 229 krónur.

Töluverður afli kom af krókaveiðum í júnímánuði en í töflu 19 sést að krókaveiðar höfðu aukist um tæp 60% í júní 2009 frá sama mánuði árinu áður. Aukningin vegna strandveiðanna kemur hinsvegar greinilega fram í júlí og ágúst.

Tafla 19. Samanburður á handfæraveiðum 2008 og 2009. Strandveiðarnar eru dregnar frá handfæraafli. Allar tölur eru í kg.

	júní	júlí	ágúst
2008			
Strandveiðar	0	0	0
Handfæri	1.453.639	1.307.438	1.027.627
2009			
Strandveiðar	170.811	1.919.421	2.001.915
Handfæri (án strv.)	2.508.213	925.399	525.732


Margir staðir nutu góðs af strandveiðunum. Sauðárkrókur,

Stykkishólmur, Breiðdalsvík, Bíldudalur, Hafnarfjörður og Fáskrúðsfjörður voru til dæmis með umtalsverðan afla af handfæra- og línubátum sumarið 2009, en því var ekki að heilsa sumarið 2008. Að undanskildum Bíldudal voru þessir staðir með lítinn sem engan afla af krókabátum í júní, júlí og ágúst 2008. Tafla 20 sýnir þær hafnir þar sem mestu aflaverðmæti var landað af strandveiðunum, reiknað út frá dagverði markaða og verði frá fiskvinnslu, samkvæmt svörum strandveiðimanna.

Tafla 20. Stærstu löndunarhafnir strandveiðanna ef miðað er við áætlað söluverðmæti

Höfn	Fjöldi landana	Meðalafli veiðif. í kg	Verðmæti í kr.
Bolungarvík	324	676	47.853.114
Grímsey	283	733	43.635.322
Patreksfjörður	272	720	42.586.305
Rif	293	663	39.050.879
Ólafsvík	303	616	38.932.695
Dalvík	330	536	37.911.051
Stöðvarfjörður	259	608	36.410.882
Bakkafjörður	244	634	36.209.488
Húsavík	274	616	34.572.532
Siglufjörður	301	522	33.084.099
Sandgerði	357	476	31.245.185
Stykkishólmur	194	532	22.689.515
Grundarfjörður	177	564	21.977.416
Þórshöfn	137	655	20.130.099
Raufarhöfn	190	532	18.791.239

Rúmur helmingur þess þorsks sem boðinn var upp á fiskmörkuðum síðastliðið sumar kom af strandveiðibátunum, eins og sjá má á mynd 20.



Mynd 20. Söluverð og verðþróun á innlendum fiskmörkuðum sumarið 2009.

Brotna línan sýnir það heildarmagn þorsks sem selt var á markaði af öllum veiðum, þar með talið strandveiðum. Slægður þorskur er umreiknaður í óslægðan m.v. 16% slóg. Finni línan sýnir þau 82% þorsks sem landað var af öllum strandveiðibátum sem reikna má með að hafi farið á markað (unnið úr gögnum SAX, 2009).


Í töflu 21 má sjá yfirlit yfir meðalafla og meðalflaverðmæti veiðiferða eftir svæðum.

Tafla 21. Yfirlit yfir meðalafla og meðalflaverðmæti veiðiferða eftir svæðum.

Svæði	Fjöldi báta	Fjöldi landana	Meðalveiðiferð, þorskur, kg	Meðalveiðiferð, allur afli, kg	Afli alls á bát, kg	Þorskaflí á bát, kg	Meðalflaverðmæti veiðif. kr.
A	192	2.477	614	646	8.330	7.923	136.457
B	94	1.352	435	547	7.867	6.263	116.896
C	115	1.943	491	567	9.575	8.300	127.692
D	153	1.483	258	446	4.322	2.505	78.424
							114.86
Alls / meðaltal	554	7.255	450	551	7.523	6.248	7

Heildarverðmæti aflans af strandveiðunum var u.þ.b. 850 milljónir króna. Verðmæti heildarafla var mest á svæði A, eins og sést á mynd 21. Langmesti þorskaflinn kom þar á land, enda þurfti að stöðva veiðar á svæðinu bæði í júlí og ágúst. Á svæði A voru jafnframt flestir bátar og munur á afla í veiðiferð á hvern bát á milli svæða e.t.v. minni en í fyrstu mætti halda. Það sem er einkar athyglisvert er hve litlu munar á meðalflaverðmæti ferða á svæðum A og C, eða tæpum 7%. Þá eru ekki nema

17% meiri verðmæti úr veiðiferð á svæði A en B, þó að meðalþorskaflí veiðiferðar sé 41% meiri. Á þessu eru tvær meginskýringar. Í fyrsta lagi var meira um annan afla en þorsk á svæðum B og C, en á svæði A. Í öðru lagi var markaðsverð fyrir aflann í lágmarki bæði fyrrihluta júlí og fyrrihluta ágúst, þegar veiðarnar stóðu yfir á svæði A. Heildaraflaverðmæti á hvern bát að meðaltali var mest á svæði C eða 2,2 milljónir króna á móti 1,8 milljónum á svæði A þar sem mestur afli kom að landi.



Mynd 21. Skipting aflaverðmætis milli svæða.

Þegar heildaraflaverðmæti fyrir hvern bát er skoðað breytist staðan enn frekar. Þá kemur í ljós að aflaverðmæti á bát á svæði C er langhæst eða kr. 2.157.433, á meðan það er kr. 1.760.432 á svæði A, kr. 1.681.309 á svæði B og kr. 760.147 á svæði D.

18 strandveiðibátar náðu að landa meira en 20 tonnum í strandveiðunum og reru þeir allir á svæðum B og C. Miðað við landaðan afla hefur um tugur báta átt möguleika á því að vera með meira aflaverðmæti en sem nemur fimm milljónum króna og jafnvel hafa einhverjir verið með yfir sex milljónir.

11 Samantekt og umræður

11.1 Samantekt

Frumraun strandveiðanna hófst með töluverðum látum í lok júnímánaðar þegar strandveiðisjómönnum var loks gefið grænt ljós á það að hefja veiðarnar. Hundruð báta þustu af stað á fyrstu tveimur vikunum en fjöldinn náði hámarki um miðbik ágúst. Í heild voru 554 bátar gerðir út af 529 útgerðum. Mjög fáar útgerðir, eða tæp 4%, gerðu út fleiri en einn bát á veiðarnar.


Flestir útgerðaraðilar, eða yfir 80%, reru sjálfir og þá yfirleitt einir en fimmtungur bátanna taldi tvo í áhöfn. Telja má að tæplega 1000 manns hafi komið að veiðunum sl. sumar. Útgerðaraðilar voru allir karlmenn og flestir komnir á miðjan aldur.

Mikill meirihluti útgerðaraðila hafði áður gert bát út á fiskveiðar, eða 80%. Nýliðar í fiskveiðunum voru því 20%. Stór hluti útgerðaraðila, eða tæp 65%, hafði störf tengd sjómennsku að aðalstarfi. Um 40% útgerðaraðila strandveiðanna voru handhafar kvóta og rúmur fjórðungur sagðist leigja til sín kvóta. Þær útgerðir sem réðu yfir kvóta og gerðu út á strandveiðarnar voru langflestar smáar í sniðum. Aðeins um 4% útgerða réðu yfir meiri kvóta en sem nam 100 tonnum.

Yfir helmingur útgerðaraðila strandveiðanna hafði að baki sögu í kvótakerfinu en 80% þessara aðila eru handhafar kvóta enn þann dag í dag. Flestir útgerðaraðilar, eða tæp 90%, áttu bátinn sjálfir og bátarnir voru að meðaltali 20 ára. Að sögn meirihluta útgerðaraðila voru bilanir fátíðar en einn af hverjum 10 tafðist þó verulega frá veiðunum vegna þeirra. Rúmlega 16% sjósettu bát sinn sérstaklega vegna strandveiðanna en gróflega má áætla út frá því að fiskiveiðifloti landsins hafi stækkað um 100 báta vegna strandveiðanna.

Aflaheimildum var skipt í mismunandi hlutföllum milli svæða. Heimildir voru meira en fullnýttar á svæði A, þar sem stöðva þurfti veiðar í júlí og ágúst. Á svæði C voru þær nánast fullnýttar en slakari nýting var á svæðum B, 63%, og D, 56%.

Strandveiðar: Aflaheimildir, aflí og fjöldi báta



Mynd 22. Yfirlit yfir framgang strandveiðanna 2009.

Á myndinni hér að ofan má sjá að ásóknin var mest í það að gera út frá svæði A. Næst flestir bátar stunduðu veiðar á svæði D. Hin svæðin tvö höfðu töluvert færri báta. Munaði því talsverðu á aflaheimildum á hvern bát á þessum fjórum svæðum. Mestar voru þær á svæði B en minnstar á svæði D. Meðalafli á bát var mestur á svæði C, eða 9,6 tonn, en minna á svæðum A (11% minna) og B (17% minna). Svæði D skar sig úr með rúmlega helmingi minni meðalafli á bát en að meðaltali á hinum svæðunum. Ennfremur var talsverður munur á aflasamsetningu á milli svæða og afla í veiðiferð. Svæði A kemur best út í þessu tilliti, þar sem 95% aflans var þorskur og meðalveiðiferð gaf af sér tæp 650 kg afla en verst kemur út svæði B þar sem tæp 60% aflans er þorskur og meðalveiðiferð gaf af sér á tæplega 550 kg afla.

Niðurstöður úr könnun á meðal útgerðaraðila skýra að mörgu leyti aflabrogðin og söguna á bak við tölurnar sem fyrir liggja úr veiðunum. Samsvörun er á milli afla sem landað

er á svæðunum fjórum og niðurstaðna úr svörum útgerðaraðila um velgengni við veiðiskapinn og aflabrögð. Er þar helst að nefna að hlutfall þeirra sem töldu að vel hefði fiskast er lægst á svæðum D (21%) og B (50%), en töluvert mikið hærra á svæðum A (90%) og C (75%). Ennfremur töldu útgerðarmenn á svæðum B og D að veður hefði hamlað veiðunum töluvert en fjöldi gæftaleysisdaga sem þessir aðilar töldu eru að meðaltali margfalt fleiri en á svæðum A og C. Eins er ljóst að fjöldi handfærarúlla um borð hefur haft sitt að segja. Fjöldi þeirra var mjög svipaður á svæðum A, C og D, yfirleitt 3-4 rúllur, en að meðaltali töluvert færri á svæði B.

Sóknarharka var mest á svæði A og má merkja að þar hefur útgerðarmönnum hlaupið kapp í kinn við veiðarnar. Þeir upplifðu einnig töluvert meiri velgengni og efnahagslegan ávinning af veiðunum en gerðist á hinum svæðunum. Litlu lakari niðurstöður eru fyrir svæði C en slakari árangur og minni ánægja með veiðarnar var áberandi á svæðum B og D og sérstaklega á svæði D.

Mestu aflaverðmætin komu að landi á svæðum A og C. Á svæði A kom 40% heildaraflaverðmæta strandveiðanna að landi en tæp 30% á svæði C. Ljóst er að útgerðarmenn á svæðum B og D hafa haft í minna að sækja og gengið verr við veiðarnar. Tölur um ónýttar þorskheimildir á þessum svæðum og minna aflaverðmæti á bát undirstrika þetta. Það sem kemur á óvart er að það voru ekki bátar á svæði A sem mest báru úr býtum heldur á svæði C. Aflaverðmæti á bát á svæði C var þannig um 2,2 m.kr. á en 1,8 m.kr. á svæði A. Aflamagn í hverri veiðiferð var að vísu meira á svæði A en tímabilið á svæði C var aftur á móti tvöfalt lengra og fiskverð hærra.

Um 54 staðir á landinu tóku við afla strandveiðanna og var stærstur hluti aflans þorskur, eða 84%. Tæplega 20% aflans fóru beint til vinnslu og rúmlega 80% á fiskmarkað. Heildaraflaverðmæti aflans var u.þ.b. 850 milljónir króna. Yfir helmingur strandveiðisjómannanna taldi að þeir hefðu haft minna en 500.000 kr. í nettótekjur af veiðunum en hinn helmingurinn hefur að líkindum haft talsvert meira upp úr þeim. Yfir helmingur útgerðaraðila taldi veiðarnar vera mikilvægar fyrir afkomu sína. Meðaltekjur strandveiðibáts voru tæpar 1.600 þúsund krónur. Telja má að tekjur hafi í fæstum tilvikum farið yfir þrjár milljónir kr. en þó var yfir tugur báta með aflaverðmæti meira en fimm milljónir kr. Þessir bátar voru allir af svæðum B og C.

Að mati flestra strandveiðimanna voru gæði aflans almennt mjög góð en munur er á svæðum í því tilliti. Verst koma gæðin út fyrir svæði C og D. Fiskaupendur og forsvarsmenn

fiskmarkaða taka að mestu undir þetta en þó má greina að hluti þeirra, eða 30% svarenda, telja að aflinn standist ekki samanburð við annan afla.

Í úttekt á samfélagslegum áhrifum og efnahagslegum umsvifum vegna veiðanna skiptust menn í tvo hópa. Helmingur taldi þau hafa verið nokkur eða töluverð en hinn helmingurinn lítil. Áhrifin hafa að mestu snert aukna bátaumferð, mannlíf og sjómennsku í útgerðarbæjunum. Fiskvinnslur, fiskmarkaðir og þjónustuverkstæði eru helst nefnd sem dæmi um atvinnustarfsemi sem hefði notið góðs af veiðunum, en 20-30% viðmælenda nefndu þessa þætti.

Almennt töldu hagsmunaaðilarnir samfélagslegt mikilvægi veiðanna meira en hið efnahagslega. Í strandveiðibæjum með færri en 1.000 íbúa töldu 70% þeirra sem svöruðu að veiðarnar hefðu mjög eða frekar mikið samfélagslegt mikilvægi en þetta hlutfall var 25% fyrir stærri bæina. Af augljósum ástæðum hafa veiðarnar verið fyrirferðarmiklar í minni sjávarplássum, en margir af helstu útgerðarbæjum strandveiðanna eru lítil sjávarþorp. Hagsmunaaðilarnir voru ekki á einu máli um ágæti fyrirkomulagsins og tengsl veiðanna við aðrar leiðir í fiskveiðistjórnun. Tæplega þriðjungur taldi að fyrrverandi kvótahafar sem hefðu selt frá sér kvóta hefðu nú möguleika á því að stunda veiðar aftur og að útgerðarmenn gætu leigt frá sér kvóta á meðan á veiðunum stóð. Meirihluti hagsmunaaðilanna taldi svæðisbundinn kvóta geta verið lausn fyrir byggðarlag þeirra. Hagsmunaaðilar skiptust aftur á móti í tvö horn þegar kom að því að meta hvort byggðakvótinn væri sanngjarnari leið en strandveiðarnar. Þeir voru þó ívið vilhallari strandveiðunum í þessu tilliti. Helmingi fleiri voru með því en á móti að strandveiðarnar væri leið til þess að treysta byggð.

11.2 Umræður

Í heild má segja að strandveiðarnar hafi gengi vel þó svo að aflabrögð hafi verið misgóð og afrakstur ólíkur á svæðunum fjórum. Að mestu leyti var farið eftir lögum og reglum um veiðarnar en ljóst er að viðbót strandveiðiflotans hefur skapað mikið álag á vaktadila og aðrar stofnanir sem koma að veiðunum. Þessi frumraun strandveiðanna var framkvæmd með skömmum fyrirvara og má vera að ekki hafi náðst að undirbúa í þaula þá auknu umsýslu og það eftirlit sem veiðarnar kröfðust.

Þeir sem tóku þátt í veiðunum eða höfðu afskipti af þeim eru jákvæðir í þeirra garð. Ánægja útgerðaraðila er mikil með fyrirkomulag veiðanna og vilja þeir sjá strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða. Þeir setja samt margir út á svæðaskiptinguna

og upphaf og lengd tímabilsins. Skoða þarf vel hugmyndir útgerðaraðila um breytt fyrirkomulag hvað þessi atriði snertir sem og aflabrogð og aðstæður einstakra útgerðastaða frá náttúrunnar hendi, s.s. veðurfar og nálægð við mið. Meðal annarra hagsmunaaðila eru blendnari tilfinningar gagnvart fyrirkomulagi strandveiðanna. Almennt virðist þó meirihluti aðspurðra vera jákvæður í garð veiðanna og þá sérstaklega samfélagslegra áhrifa þeirra. Af svörunum má ráða að fólk vilji gefa strandveiðunum tækifæri til þess að þróast sem aðferð til fiskveiðistjórnunar, jafnvel þó veiðunum fylgi einhverjir annmarkar í fyrstu.

Segja má að markmiðin með veiðunum hafi að mörgu leyti náðst en þó með þeim fyrirvara að markmiðin voru ekki að öllu leyti skýr eða sett fram með mjög ákveðnum viðmiðunum. Óhætt er að segja að veiðarnar hafi ekki gengið í berhögg við yfirlýst markmið fiskveiðistjórnunar. Í fyrstu ber að nefna markmiðin um að gefa fleiri en handhöfum kvóta möguleika á takmörkuðum veiðum í atvinnuskyni, að stuðla að nýliðun og auðvelda fólki að afla sér reynslu og þekkingar. Tveir þriðju hlutar útgerðaraðila voru sjómenn að atvinnu og 40% höfðu yfir aflahlutdeild að ráða. Algjörir nýliðar voru 20% útgerðaraðila en 60% útgerðaraðila töldu að veiðarnar hefðu fært þeim mikilvæga reynslu. Ungt fólk; karlar og konur, var áberandi fátt í veiðunum en hafa ber í huga að talað var við útgerðaraðila sem endurspeglar ekki endilega alla sem tóku þátt í veiðunum. Þannig hafa hátt á annað hundrað manns tekið þátt í veiðunum sem annar maður í áhöfn og gætu margir nýliðar hafa verið í þeim hópi.

Leyfin til veiðanna söfnuðust ekki á fárra hendur og flestir sem komu að veiðunum voru minni útgerðaraðilar sem töldu sig hafa haft frá nokkrum hundruðum þúsunda kr. upp úr veiðunum og upp í eina milljón kr.

Veiðarnar náðu því markmiði að hleypa lífi í minni sjávarbyggðir landsins. Áhrif á samfélög þessara minni staða virðast hafa verið mjög jákvæð en áhrif veiðanna á atvinnulíf eru ekki eins augljós. Hafa verður í huga að veiðarnar voru takmarkaðar við 4.000 tonn af þorski og dreifðust á 54 útgerðarstaði. Bygðasjónarmiðin með veiðunum hafa náðst að því leyti að veiðarnar voru að mestu stundaðar fjarri suðvesturhorni landsins og hafa skipt máli fyrir afkomu útgerðaraðila þar.

Að mörgu þarf að gæta við endurskoðun fyrirkomulags veiðanna fyrir næsta sumar, t.d. ráðstöfun afla af veiðunum. Sá afli strandveiðanna sem fór beint til vinnslu í viðkomandi byggðarlagi var aðeins um 18%. Ekki liggur fyrir hvernig þeim afla sem seldur var á mörkuðum var ráðstafað. Engin skilyrði voru sett um það að afli af veiðunum færi til vinnslu á staðnum, en slíkar kröfur eru jafnan gerðar til byggðakvóta sem ráðstafað er til byggðarlaga

sem hafa orðið fyrir neikvæðum áhrifum vegna breytinga í fiskveiðum. Framboð fisks frá strandveiðunum getur hafa haft nokkuð að segja um verðmyndun á markaði. Vísbending um þetta er t.d. að þegar markaðsverð fyrir þorsk var í lágmarki í fyrrihluta júlí og fyrrihluta ágúst stóðu veiðar sem hæst á svæði A. Framboð á þorski á fiskmörkuðum var um tvöfalt meira á strandveiðitímabilinu vegna veiðanna en ella hefði verið. Þessir þættir, sem og leiðir til að auka hagræn og samfélagsleg áhrif veiðanna, eru verðugt efni frekari rannsókna.

Miklar tölulegar upplýsingar er hægt að vinna úr þeim gögnum sem tengjast strandveiðunum og þeim könnunum sem framkvæmdar voru við gerð þessarar skýrslu. Hér hefur verið farið yfir það sem þótti markverðast. Þessar upplýsingar ættu að nýtast sem söguleg heimild og til samanburðar í framtíðinni. Af þeim má draga nokkurn lærdóm til þess að búa í haginn fyrir komandi ár. Bæði til að huga betur að tilhögun veiðanna en jafnframt ef vilji stendur til þess að þróa í framtíðinni sambærilegar úttektir og kannanir.

Augljós niðurstaða úttektarinnar er sú að almenn ánægja var meðal þátttakenda og hagsmunaaðila með veiðarnar og trú á því að þær gætu orðið hinum dreifðu sjávarbyggðum til góða í framtíðinni.

Heimildaskrá

Arnaldur/Sigfús Schopka, 7. júní 1998; Þorsstofninn á uppleið (grein). **Morgunblaðið**.

Ágúst Ingi Jónsson, 21. september 2009; 250 meint brotamál til meðferðar á Fiskistofu (grein). **Morgunblaðið**.

Erla Björk Guðrúnardóttir, Anna Karlsdóttir, Arnheiður Eypórsdóttir, Herdís Hallmarsdóttir, Hjörtur Gíslason og Sólveig Samúelsdóttir, 2007; **Skýrsla nefndar um störf kvenna í stærstu sjávarútvegsfyrirtækjunum**. Skýrsla unnin fyrir Sjávarútvegsráðuneytið. Reykjavík. 41 bls.

Fiskistofa, á.á; **Um fiskveiðistjórnun**. Skoðað 04.10.2010. Slóðin er: <http://www.fiskistofa.is/fiskveidistjorn/stjornfiskveida/>

Helga Katrín Tryggvadóttir, 2008; **Vinna kvenna á sjó: Skýrsla um hlutverk og stöðu sjókvenna á Íslandi**. Skýrsla unnin fyrir Samgönguráðuneytið. 25 bls.

Landssamband smábátæigenda, 2008; **Bæklingur gefinn út fyrir sjávarútvegssýninguna 2008**. Skoðað 04.01.2010. Slóðin er: http://www.smabatar.is/ls_islenska.pdf.

Lovísa Ólafsdóttir, 2004; **Áhrif hvíldar á heilsu og öryggi sjómanna: Rannsókn gerð á íslenskum sjómönnum**. Unnið fyrir samgönguráðuneytið. Reykjavík. 97 bls.

SAX (Sjávarútvegsvefurinn), 2009; **Stofnar**. Skoðað 16.11.2009. Slóðin er www.sax.is.

Sjávarútvegsnefnd, 1983; **229. nefndarálit um lög nr. 82/1983**. Alþingi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið, 2009; **Fréttatilkynning nr. 15/2009: Sóknarfæri í íslenskum sjávarútvegi - áform um strandveiðar**. Skoðað 04.05.2010. Slóðin er: <http://www.sjavarutvegsraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/9637>

Sjávarútvegsráðherra, 1983; **Stjórnarfrumvarp að lögum nr. 82/1983**. Alþingi.

Sonja Sif Jóhannsdóttir, 2008; **Heilsa sjómanna: Íhlutunarrannsókn á hreyfingu og mataræði** (meistararitgerð í íþrótt- og heilsufræðum). HÍ og KHÍ. 95 bls.

Umhverfissráðuneytið, utanríkisráðuneytið og sjávarútvegsráðuneytið, 2004; **Samræmd stefnumörkun um málefni hafsins**. 44 bls.

Lög og reglugerðir:

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðar breytingum, þskj. 34/2009.

Lög um breytingu á lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, nr. 66/2009.

Reglugerð um strandveiðar fiskveiðiárið 2008-2009, nr. 550/2009.

Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2008-2009, nr. 551/2009.

Reglugerð um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2008-2009, nr. 557/2009.

Reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2008-2009, nr.742/2008.

Viðauki A - Spurningalisti til útgerðarmanna

Spurningarlisti fyrir útgerðarmenn

Bakgrunnur

- 1 Kyn
 - 2 Aldur
 - 3 Í hvaða sveitarfélagi átt þú lögheimili?
 - 4 Hvert er aðal starf þitt?
 - 5 **Ef annað þá hvað?**
 - 6 Hver er menntun þín?
 - 7 Hefur þú áður gert út bát á fiskveiðar?
 - 8 **Ef já við nr. 7** : Áttir þú bát sem færðist yfir í kvótakerfið 1991?
 - 9 **Ef já við nr. 7** : Áttir þú bát sem færðist yfir í kvótakerfið 1995?
 - 10 **Ef já við nr. 7** : Áttir þú bát sem færðist yfir í kvótakerfið 2004?
 - 11 **Ef já við nr. 7** : Hefur þú einhvern tíma selt allan þinn kvóta (aflahlutdeild)?

 - 12 Hverjar voru meðaltekjur þínar á mánuði síðastliðinn vetur?
-

Útgerðin og eignarhald

- 13 Ert þú aðaleigandi útgerðarinnar?
 - 14 **Ef nei:** Átt þú hlut í útgerðinni?
 - 15 Hvert er lögheimili útgerðarinnar? (núna)
 - 16 Er útgerðin handhafi kvóta?
Ef já: Hve mikinn varanlegan kvóta hafði útgerðin 1. júlí síðastliðinn, í
 - 17 þorskígildistönnum?
 - 18 Leigir útgerðin til sín kvóta? (aflamark)
 - 19 **Ef já:** Hve mikinn kvóta (aflamark) leigði útgerðin á síðasta fiskveiðiári? (08-09)
 - 20 Leigir útgerðin frá sér kvóta (aflamark)?
 - 21 **Ef já:** Hve mikinn kvóta (aflamark) leigði útgerðin frá sér á síðasta fiskveiðiári? (08-09)
 - 22 Er báturinn í eigu útgerðarinnar?
 - 23 **Ef nei:** Er útgerðin með hann á leigu eða að láni?
 - 24 Var báturinn sjósettur eingöngu vegna strandveiðanna?
 - 25 Hver er stærð bátsins í tonnum?
 - 26 Hver er stærð bátsins í metrum?
 - 27 Hvaða árgerð er báturinn?
 - 28 Rerir þú sjálfur á bátnum?
 - 29 Varstu með launað fólk á bátnum?
 - 30 **Ef já:** Vann fólkíð upp á hlut, föst laun eða akkorð?

 - 31 Ert þú eigandi að annarri útgerð?
 - 32 **Ef já:** Er sú útgerð handhafi kvóta?
 - 33 **Ef Já:** Hve mikinn kvóta hafði sú útgerð í júlí síðastliðnum, í þorskígildistönnum?
-

Undirbúningur fyrir veiðarnar

-
- 34 Hve margir dagar fóru í að undirbúa bátinn til veiða?
35 Hvenær var sótt um strandveiðileyfi fyrir bátinn?
36 Hvenær fékkst leyfið ?
37 Hvenær hófust veiðar?
-

Framgangur veiðanna og verðmætasköpun

- 38 Hver var helsta löndunarhöfn þín meðan á strandveiðunum stóð?
39 Hve stíft var sótt?
40 Hve marga daga féllu veiðar niður vegna bilana?
41 Hve marga daga hamlaði veður veiðum?
42 Hve marga daga féllu veiðar niður vegna annarra skuldbindinga?
43 Var eitthvað annað sem þú vilt nefna sem hamlaði veiðum?
44 Hvernig fannst þér veiðarnar almennt ganga hjá þér?
45 Hvað voru að jafnaði margir í áhöfn á bátnum?
46 Hve margar handfærarúllur voru á bátnum (1-4)
47 Hvernig veiddist?
48 Hver telur þú gæði þíns afla hafa verið á strandveiðunum?
49 Hvert var aflinn seldur?
50 Hvert var meðalkílóverð sem þú fékkst fyrir þorskaflann?
51 Hve mikill var útlagður undirbúningskostnaður þinn?
52 Hvert var heildar aflaverðmæti þitt yfir sumarið?
53 Hverjar voru nettó tekjur þínar af veiðunum (aflaverðmæti mínus kostnaður)?
54 Hve mikilvægar eru veiðarnar fyrir afkomu þína?
55 Myndir þú standa að veiðunum með öðrum hætti, eftir á að hyggja?
56 **Ef já, þá hvernig?**
57 Telur þú að veiðarnar hafi fært þér mikilvæga reynslu?
58 Hvort er þér mikilvægara, efnahagslegur ávinningur eða ánægjan af veiðunum?
-

Mat á fyrirkomulagi veiðanna og áhrifum

- 59 Hefðir þú stundað fiskveiðar í sumar ef ekki hefði komið til strandveiðanna?
60 Var daglega 800 kg hámarkið of mikið, of lítið eða hæfilegt?
61 Vilt þú láta taka upp aðrar aflatakmarkanir í strandveiðum en dagshámarkið (800kg.)?
62 Var 14 klst. hámark hveirrar veiðiferðar of lítið, of mikið eða hæfilegt?
63 Finnst þér rétt að takmarka klukkustundafjölda í hverri veiðiferð?

Vilt þú láta taka upp dagatakmarkanir í strandveiðunum? (fjöldi daga á bát,
64 sóknarmark)

Vilt þú hafa fyrirkomulag banndaga með öðrum hætti en á föstudögum og
65 laugardögum?

Leyfður afli á þínu svæði samanborið við önnur svæði. Var of lítill, hæfilegur, frekar
66 mikill

67 Hvernig telur þú núverandi svæðaskiptingu henta?

68 Hefur þú tillögu að breyttri svæðaskiptingu sem þú vilt koma á framfæri hér?

69 Hvernig hentar veiðitímabilið júní-ágúst?

70 Í hvaða mánuði vilt þú að strandveiðarnar hefjist?

71 Hversu marga mánuði telur þú að strandveiðitímabilið ætti að standa?

72 Hvernig fannst þér fyrirkomulag veiðanna henta?

73 Telur þú að einhverjir sjómenn hafi stundað ólöglegt brottkast við veiðarnar?

74 **Ef já:** Hve margir af hverjum 10 telur þú að hafi stundað brottkast?

75 Þurftir þú að kasta einhverjum afla fyrir borð?

76 Hvert telur þú efnahagslegt mikilvægi veiðanna fyrir þína helstu löndunarhöfn?

77 Hvert telur þú samfélagslegt mikilvægi veiðanna fyrir þína helstu löndunarhöfn?

78 Hvernig þótti þér strandveiðarnar heppnast?

Mat á stjórnun fiskveiða á Íslandi

79 Hversu sáttur ert þú við núverandi kvótakerfi?

80 Hve sammála ert þú fullyrðingunni: Mér finnst núverandi kvótakerfi sanngjarnt.

Hversu sáttur ert þú við strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun
81 fiskveiða?

82 Hvaða breytingar vilt þú helst sjá gerða á strandveiðunum fyrir næsta ár?

83 Viltu sjá breytingu á kvótakerfinu?

84 Hvers konar breytingu þá?

Endir

Viðauki B - Spurningalisti til hagsmunaaðila

1	Kk./kvk.
2	Hópur hagsmunaaðila:
3	Sveitarfélag:
4	Staður:
5	Staða þess sem svarar:
6	Hverskonar stofnun/fyrirtæki?
7	Ert þú eða fyrirtæki á þínum vegum handhafi aflahlutdeildar?
8	Átt þú hlut í sjávarútvegsfyrirtæki?
9	Varðst þú var við strandveiðarnar í þínu bæjarfélagi?
	Næstu spurningar varða umfang áhrifanna af strandveiðum, svarmöguleikarnir eru ...
	Jókst verulega - Jókst lítillega - Óbreytt - Minnkaði lítillega - Minnkaði verulega
10	Urðu breytingar á mannlífi við höfnina?
11	Varðst þú var við breytingar á bátaumferð við höfnina ?
12	Breyttust umsvif fiskvinnslu í samfélaginu vegna strandveiðanna?
13	Breyttu strandveiðarnar verkefnastöðu þjónustuverkstæða?
14	Breyttust umsvif verslunar á staðnum vegna strandveiðanna?
15	Breyttust umsvif veitingasölu á staðnum vegna strandveiðanna?
16	Breyttust umsvif gistiþjónustu á staðnum vegna strandveiðanna?
17	Breyttust möguleikar heimamanna til að stunda sjómennsku?
18	Hverskonar þjónustufyrirtæki nutu helst góðs af veiðunum?
19	Getur þú nefnt dæmi um ný störf í samfélaginu vegna veiðanna?
20	Tók einhver ný fiskvinnsla til starfa vegna strandveiðanna?

	Næstu spurningar varða mikilvægi og áhrif veiðanna, svarmöguleikarnir eru ...
	Mjög mikið - Frekar mikið - Nokkuð - Frekar lítið - Mjög lítið
21	Hvert telur þú efnahagslegt mikilvægi veiðanna fyrir þitt samfélag?
22	Hvert telur þú samfélagslegt mikilvægi veiðanna fyrir þitt samfélag?
23	Jákvæð áhrif strandveiðanna fyrir þitt samfélag voru
24	Umsvifin í kringum strandveiðarnar voru
	Næstu spurningar fjalla um fyrirkomulag strandveiðanna og fiskveiðistjórnun
25	Hvernig þótti þér strandveiðarnar heppnast?
26	Hversu sáttur ert þú við strandveiðarnar sem framtíðarfyrirkomulag í stjórnun fiskveiða?
27	Telur þú að fyrirkomulagi strandveiðanna fylgi einhverjir vankantar?
28	Ef já hverjir?
29	Svara strandveiðarnar einhverjum annmörkum kvótakerfisins
30	Hvaða?
31	Telur þú að auknar strandveiðar geti haft jákvæð áhrif á þitt samfélag
	Hér fyrir neðan eru nokkrar fullyrðingar um strandveiðarnar og tengsl þeirra við aðrar leiðir í fiskveiðistjórnun. Svarmöguleikarnir eru eftirfarandi:
	Mjög sammála - Fremur sammála - Hlutlaus - Fremur ósammála - Mjög ósammála
32	Einhver útgáfa af svæðisbundnum kvóta er nauðsynleg fyrir mitt byggðarlag
33	Byggðakvótinn er sanngjarnari aðferð við veiðistjórnun en strandveiðarnar
34	Hve sammála ert þú fullyrðingunni: Mér finnst núverandi fiskveiðistjórnun sanngjörn
35	Strandveiðarnar er leið til að treysta byggð í þínu bæjarfélagi
	<i>Hér fyrir neðan eru spurningar sem eiga bara við ákveðna hópa</i>
	1. Hafnaryfirvöld
36	Eldri bátar voru meira nýttir til þessara veiða en vant er.
37	Bátar voru almennt verr búnir til sjóferða en vant er.
38	Bátar voru við veiðar frá staðnum, sem ekki höfðu verið það áður.
39	Aðkomumenn komu á staðinn til þess að stunda strandveiðarnar.

40	Álag var töluvert meira á starfsmönnum vegna veiðanna
41	Menn tóku meiri áhættu með tilliti til veðurs en vant er.
42	Strandveiðimenn fóru að settum lögum og reglum við veiðarnar
43	Ef ekki hvaða var það helst sem sjómenn fóru ekki eftir?
	2. Fiskkaupendur/forsvarsmenn fyrirtækja
44	Hvernig standast gæði fisks frá strandveiðunum samanburð við annan afla?
45	Hver eru áhrif strandveiðanna á fiskverð?
46	Aflinn af strandveiðunum er fremur unninn hér í byggðalaginu en annar afli.
47	Aflinn af strandveiðunum er síður fluttur óunnin til útlanda.
	3. Birgja, framleiðendur tækja og tóla og viðgerðarverkstæði
48	Eldri bátar voru nýttir til þessara veiða meira en vant er.
49	Bátar voru almennt verr búnir til sjóferða en vant er.
50	Viðskipti jukust töluvert vegna strandveiðanna
51	Í mínu fyrirtæki þurfti að bæta við mannskap vegna strandveiðanna
52	Auknar strandveiðar geta haft mikil áhrif á mína starfsemi

Viðauki C - Löndunarhafnir

Höfn	Svæði	Heildar afli	Heildar verðmæti	Fjöldi báta	Fjöldi landana	Meðalafli veiðiferð	Mannfjöldi
Bolungarvík	SA	219.037	47.853.114	23	324	676	966
Grimsey	SB	207.558	43.635.322	19	283	733	92
Patreksfjörður	SA	195.811	42.586.305	23	272	720	617
Rif	SA	194.310	39.050.879	34	293	663	149
Ólafsvík	SA	186.748	38.932.695	23	303	616	991
Dalvík	SB	177.006	37.911.051	42	330	536	1412
Sandgerði	SD	169.936	31.245.185	42	357	476	1754
Húsavík	SC	168.796	34.572.532	19	274	616	2279
Stöðvarfjörður	SC	157.505	36.410.882	17	259	608	235
Siglufjörður	SB	157.075	33.084.099	28	301	522	1277
Bakkafjörður	SC	154.629	36.209.488	11	244	634	78
Hornafjörður	SD	108.759	18.591.232	12	151	720	1635
Stykkishólmur	SA	103.189	22.689.515	25	194	532	1111
Raufarhöfn	SC	101.139	18.791.239	13	190	532	223
Grundarfjörður	SA	99.775	21.977.416	16	177	564	853
Þórshöfn	SC	89.713	20.130.099	7	137	655	375
Grindavík	SD	88.532	15.351.775	18	184	481	2850
Ísafjörður	SA	87.555	18.652.751	17	146	600	2737
Flateyri	SA	82.804	17.781.943	12	117	708	260
Tálknafjörður	SA	78.662	16.581.948	11	110	715	294
Reykjavík	SD	76.777	13.525.841	25	232	331	118665
Sauðárkrókur	SB	76.462	16.522.779	12	128	597	2601
Hafnarfjörður	SD	73.757	12.830.450	25	174	424	25850
Eskifjörður	SC	69.881	17.997.969	12	149	469	1087
Suðureyri	SA	69.210	14.637.994	10	101	685	313
Breiðdalsvík	SC	68.604	16.464.559	5	117	586	129
Arnarstapi	SA	68.127	13.189.998	16	112	608	10
Ólafsfjörður	SB	66.255	13.611.059	18	191	347	850
Neskaupstaður	SC	62.465	14.899.211	11	123	508	1454
Borgarfjörður Eystri	SC	56.134	13.319.456	5	84	668	93
Akranes	SD	55.698	10.315.293	20	178	313	6609
Vopnafjörður	SC	51.545	12.263.614	11	126	409	534
Þingeyri	SA	46.433	9.911.082	4	67	693	264
Keflavík	SD	46.341	8.826.369	23	126	368	8169
Hofsós	SB	42.178	9.908.602	11	81	521	185
Kópasker	SC	40.724	8.085.331	12	83	491	137
Skagaströnd	SA	39.407	8.154.986	6	52	758	521
Vestmannaeyjar	SD	38.576	4.954.387	8	76	508	4086
Bíldudalur	SA	35.540	7.805.518	6	48	740	176
Drangsnæs	SA	32.366	6.113.377	10	63	514	68
Djúpivogur	SC	31.748	7.471.176	5	52	611	363
Fáskrúðsfjörður	SC	28.836	7.062.686	3	51	565	695
Brjánslækur	SA	23.304	5.210.058	4	40	583	10
Norðurfjörður	SA	18.936	4.023.512	3	29	653	10
Seyðisfjörður	SC	16.286	3.645.683	6	44	370	717
Hólmavík	SA	15.357	2.860.543	4	22	698	368
Árskógssandur	SB	5.843	1.318.946	1	10	584	10

Höfn	Svæði	Heildar aflí	Heildar verðmæti	Fjöldi báta	Fjöldi landana	Meðalafli veiðiferð	Mannfjöldi
Hauganes	SB	3.366	717.102	2	8	421	134
Mjóifjörður	SC	3.172	797.338	2	10	317	10
Þorlákshöfn	SD	2.828	622.316	2	5	566	1582
Skarðsstöð	SA	2.794	495.097	3	7	399	10
Akureyri	SB	1.856	437.258	4	14	133	17355
Grenivík	SB	1.243	255.672	2	5	249	250
Hrísey	SB	634	158.470	1	1	634	186